

# ÁRSSKÝRSLA 2015



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN



# EFNISYFIRLIT

<b>Ávarp forstjóra</b> .....	<b>5</b>
Fjarskiptamál.....	5
Grundvallarbreyting á sjónvarpsdreifingu.....	5
Áhersla á háhraðaaðgangsnét um landið allt á næstu árum.....	5
Síaukin þörf fyrir öfluga farnetsþjónustu.....	5
Aukin netnotkun kallar á reglur um nethlutleysi.....	6
Heildarendurskoðun á fjarskiptaregluverki innan Evrópu.....	6
Öryggi í fjarskiptum eitt mikilvægasta viðfangsefnið.....	6
Póstmál í breytingaferli.....	6
Staða og þróun Póst- og fjarskiptastofnunar.....	6
Lokaorð.....	7
<b>Fjarskiptamarkaðurinn</b> .....	<b>8</b>
Fylgst með stöðu fjarskiptamarkaðarins.....	8
Tölfræðiskýrslur PFS um íslenska fjarskiptamarkaðinn.....	8
Norræn tölfræðiskýrsla.....	8
Markaðsgreiningar.....	9
Helstu verkefni á sviði markaðsgreininga á árinu 2015.....	9
Kostnaðargreiningar og viðmiðunartilboð.....	11
Eftirlit með aðskilnaði fjarskiptastarfsemi Gagnaveitu Reykjavíkur frá annari starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.....	12
Ágreiningur um innanhússfjarskiptalagnir og endurskoðun reglna.....	13
Hlutverk PFS samkvæmt fjölmíðalögum.....	13
Ágreiningur um sjónvarpsdreifimál.....	14
<b>Fjarskiptatækni og útbreiðsla</b> .....	<b>16</b>
Samráð um tíðnistefnu PFS fyrir árin 2015 – 2018.....	16
Samnýting tíðnisviða – nýjung í högun og útbreiðslu.....	16
Næsta kynslóð fastaneta.....	17
Söfnun upplýsinga um útbreiðslu og stöðu fjarskipta.....	18
Gagnagrunnur um fjarskiptainnviði og landupplýsingakerfi PFS.....	18
Mælingar á fjarskiptasambandi á vegakerfi landsins.....	18
Kortlagning fjarskiptainnviða á Norðurhveli.....	18
Öryggi fjarskipta.....	18
Netöryggissveitin CERT-ÍS.....	18
Öryggi fjarskiptainnviða.....	18
Eftirlit með ljósvakanum – truflanavakt PFS.....	19
<b>Póstmál</b> .....	<b>20</b>
Bókhaldslegur aðskilnaður.....	20
Gjaldskrá innan einkaréttar.....	20
Alþjónustukostnaður.....	21
Fækkun útburðardaga í dreifbýli.....	21
Lokun afgreiðslustaða.....	21
Viðbótarafsláttur til söfnunaraðila.....	21
<b>Neytendamál</b> .....	<b>22</b>
Óumbeðin fjarskipti – breytt verklag og útgáfa leiðbeininga.....	22
Úttekt á afgreiðslutíma númeraflutningsbeiðna.....	22
<b>Póst- og fjarskiptastofnun árið 2015</b> .....	<b>23</b>
Starfsemi PFS og fjöldi mála í málaskrá.....	24
Starfsemi PFS í tölum árið 2015.....	25
<b>Ákvarðanir og úrskurðir</b> .....	<b>26</b>
Leitarvél á vef PFS fyrir úrlausnir í póst- og fjarskiptamálum.....	26
Ákvarðanir PFS 2015.....	26
Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.....	30
<b>Ársreikningur Póst- og fjarskiptastofnunar 2015</b> .....	<b>32</b>
<b>Skráð fjarskiptafyrirtæki í lok árs 2015</b> .....	<b>35</b>



# ÁVARP FORSTJÓRA

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) starfar á tveimur þeim sviðum sem eru undirstaða mannlegra samskipta í nútímasamfélagi. M.a. vegna þróunar í fjarskiptum hafa orðið grundvallarbreytingar á því hvernig póstpjónusta hefur breyst á undanförunum árum og áratugum.



## FJARSKIPTAMÁL

Þegar rennt er yfir það helsta sem stendur upp úr á sviði fjarskiptamála á Íslandi á árinu 2015 sést vel hve hratt fjarskiptatækni nútímans breiðist út og setur mark sitt á daglegt líf fólks og þau lög og reglur sem við setjum okkur til þess að halda utan um samfélagið.

### Grundvallarbreyting á sjónvarpsdreifingu

Á árinu var slökkt á hliðrænu dreifikerfi RUV og tók stafræn dreifing þá alfarið við. Stafræn dreifing á sér stað annars vegar með UHF dreifikerfi sem nær til yfir 99,7% landsmanna og hins vegar með fastlínukerfum í gegnum IPTV kerfi Vodafone og Símans eða með Appi eins og Sarpinum yfir hið almenna Internet. Ávinningur af stafrænum kerfum eru bætt gæði og fjölbreyttari gagnvirk þjónusta. Neytendur hafa aðgang að efni þegar þeim hentar, fara vinsældir ólínulegs áhorfs vaxandi og eru IPTV kerfi afar vinsæl hérlendis. Hafa verður þó í huga að IPTV kerfi eru í raun lokuð dreifikerfi, þ.e. þau eru einungis aðgengileg þeim sem sérstaklega kaupa aðgang að þeim. Því eru í fjölmiðlalögum ákvæði um að fjölmiðlaveitu sé óheimilt að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Er tilgangur ákvæðisins m.a. sá að tryggja neytendum frelsi til að velja t.d. aðgangsneta án þess að skerða þar með valkosti þeirra við aðgang að tilteknu línulegu eða ólínulegu efni.

### Áhersla á háhraðaáðgangsneta um landið allt á næstu árum

Aðgangur að háhraðaheimtaugum hefur verið helsta hagsmunamál neytenda í fjarskiptum um áraraðir. Í erlendum samanburði er aðgangur að slíkum tengingum hérlendis góður og hafa íslensk fjarskiptafélög byggt upp háhraðaáðgangsneta sem ná til meginþorra heimila landsmanna. Hins vegar býr tiltekinn hluti þjóðarinnar enn við markaðsbrest hvað háhraðatengingar varðar. Því samþykkti Alþingi sl. haust að verja 500 milljónum króna á árinu 2016 til uppbyggingar háhraðaneta. Vonast er til að þetta myndarlega framlag sé fyrsti áfanginn í því að loka hinni stafrænu gjá á Íslandi og þar með útrýma þeirri stöðu að sumir þegnar landsins búi í raun við skert mannréttindi sem felast í skorti á nothæfri Internettengingu. Gangi áætlanir stjórnvalda eftir má gera ráð fyrir að árið 2020 hafi nær öll heimili landsins aðgang að a.m.k. 100 Mbit/sek. tengingu.

Sú staða tryggði stöðu Íslands í fremstu röð landa heims hvað þetta varðar.

Í ljósi markaðsbrestsins í háhraðatengingum hefur það færst nokkuð í vöxt að sveitarfélög standi að uppbyggingu fjarskiptainnviða til að tryggja háhraðanetþjónustu innan sveitarfélagsins. Slíkur rekstur fellur alltaf undir fjarskiptalög. Er nú svo komið að um tugur staðbundinna aðgangsneta er í eigu annarra fjarskiptafélaga en Milu. Því er ljóst að eignarhald, stýring og yfirsýn yfir fjarskiptainnviði landsins er að dreifast. Regluverk fjarskipta nær til allra skráðra fjarskiptafélaga óháð eignarhaldi og stærð félaganna. Þessu geta því fylgt tilteknar áskoranir fyrir eftirlitsstjórnvöld varðandi eftirlit t.d. með öryggi innviða, heildsöluaðgangi, heildstæði neta, þjónustustigi og fleira. PFS hefur m.a. brugðist við þessu með því að safna upplýsingum frá öllum markaðsaðilum í gagna-grunn fjarskiptainnviða þannig að viðhalda megi yfirsýn yfir fjarskiptakerfi landsins á einum stað. Stofnunin hefur einnig vakið athygli á því að horfa eigi til samlegðar með lagningu ljósleiðara með öðrum veituframkvæmdum, t.d. lagningu rafstrengja og hitaveitu. Fyrir dyrum stendur að innleiða tilskipun 2014/61/ESB um hagkvæma uppbyggingu breiðbandsneta þar sem kveðið er á um skyldu til samnýtingar innviðafrankvæmda. PFS telur að ná megi fram sparnaði sem nemur hundruðum milljóna með því að innleiða þessa tilskipun.

### Síaukin þörf fyrir öflugna farnetsþjónustu

Notkun farneta fer sívaxandi hérlendis. Niðurhal í fartækimeira en tvöfaldast milli ára. Þessi aukna notkun, auk kröfu neytenda um meiri hraða og bætt gæði kallar á uppbyggingu kerfa og auknar tíðniheimildir. Stofnunin stóð fyrir viðamiklu samráði um tíðniskipulag fyrir farnetsþjónustur í þeim tilgangi að skipuleggja næstu skref um útgáfu tíðniheimilda. Verði öllum þeim tíðnum sem nú eru lausar úthlutað á næstunni mun það skapa forsendu fyrir aukinni þjónustu og bættum gæðum alls staðar á landinu, auk þess sem tíðniúthlutanir geta leitt til aukinnar samkeppni á markaði með fjölgun markaðsaðila. Við ráðstöfun tíðniheimilda mun stofnunin horfa til ýmissa þátta um þjónustu og gæði, þ.m.t. hvernig samfélagslegum sjónarmiðum um aðgengi að farnetsþjónustu utan markaðssvæða verði náð.

### Aukin netnotkun kallar á reglur um nethlutleysi

Á árinu 2015 samþykkti framkvæmdastjórn ESB nýtt regluverk um nethlutleysi. Regla um nethlutleysi á að tryggja að Internetið geti áfram verið vettvangur óheftra boðskipta. Meginmarkmið reglunnar er að flytja skuli öll rafræn samskipti óháð efnisinnihaldi, hugbúnaði, notkunareiginleikum, þjónustu, búnaði, upprunavistfangi og móttökuvistfangi. Hér er um stefnumótandi samþykkt að ræða sem ber með sér þá áherslu sem stjórnvöld leggja á mikilvægi Internetsins í daglegu lífi. Mikið verk er óunnið við útfærslu og túlkun regluverksins, en sennilegt er að það verði innleitt í íslenskan rétt á árinu 2017.

### Heildarendurskoðun á fjarskiptaregluverki innan Evrópu

Nú stendur yfir viðamikil endurskoðun fjarskiptaregluverksins á vegum framkvæmdastjórnar ESB. Megintilgangur endurskoðunarinnar er að færa regluverkið til nútímahorfs í samræmi við þá þróun sem á sér stað með tilkomu Internetsins. Fjarskipti, upplýsingatækni, miðlun á hljóði og mynd og ýmis sérhæfð kerfi og þjónusta eru þar að renna saman og hefðbundin rásaskipt fjarskipti munu heyra sögunni til innan áratugar. Ný tækni er að ryðja sér til rúms með snjallvæðingu ýmissa daglegra athafna og TÍT (tæki-í-tæki) þjónusta verður afar útbreidd. Einnig er horft til þeirrar viðskiptaþróunar sem átt hefur sér stað með tilkomu aðila eins og Facebook, Netflix og fleiri. Íslendingar þurfa að takast á við þessa umræðu eins og aðrar þjóðir því skipan mála hvað þetta varðar hefur í æ ríkari mæli áhrif á daglegt líf almennings hérlandis.

### Öryggi í fjarskiptum eitt mikilvægasta viðfangsefnið

Nokkur óvissa hefur ríkt undanfarin misseri um afdrif netöryggissveitarinnar CERT-IS. Fyrirhugað var að flytja netöryggissveitina til embættis ríkislögreglustjóra og stórefla hana þar, m.a. með því að fella fleiri geira en fjarskiptageirann undir starfsemi hennar og auka þjónustutíma. Horfið hefur verið frá þessum áformum og þess í stað hyggst ráðherra beita sér fyrir því að efla netöryggissveitina hjá PFS, a.m.k. fyrst um sinn. Framkvæmdastjórn ESB hefur í smíðum regluverk um netöryggi (NIS directive) sem fjalla mun um þessi mál. Við innleiðingu þess regluverks hérlandis mun verða tekin afstaða til ýmissa álitamála sem ekki hefur náðst samstaða um hérlandis varðandi starfsemi netöryggissveitarinnar, s.s. um fjármögnun starfseminnar.

Fjarskipti skipa sífellt mikilvægari sess í nútímasamfélagi. Ekki er nóg að huga að netöryggi með starfsemi netöryggissveitarinnar heldur verður einnig að stuðla að raunlægu öryggi fjarskiptakerfa. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi náttúrufars hérlandis. Stofnunin hefur því undanfarið tekið út víska þætti varðandi raunlægt öryggi fjarskipta-

kerfa með það að markmiði að efla það. Jafnframt hefur stofnunin hug á því að kortleggja öll fjarskiptakerfi landsins m.t.t. tiltekinna öryggisþátta, s.s. varaafli, tvítenginga o.fl. Stofnunin hefur einnig hug á því að ráðast í heildstæða úttekt á heildstæði og öryggi fjarskiptainnviða landsins, séu fjárhagslegar forsendur til slíks verkefnis.

## PÓSTMÁL Í BREYTINGAFERLI

Innanríkisráðherra hefur birt til umsagnar drög að nýju frumvarpi til laga um póstpjónustu. PFS telur brýnt að endurskoða póstlög sem fyrst. Helgast það annars vegar af því að nýjar tilskipanir um póst hafa verið teknar upp í EES-samninginn og hins vegar af breyttum markaðsaðstæðum vegna minnkandi póstmagns. Í því millibilsástandi sem af þessu leiðir hefur stofnunin á undanföllum misserum tekið afstöðu til veigamikilla óska Íslandsþósts um breytingar á póstpjónustunni sem aðallega eru viðbrögð við breyttum markaðsaðstæðum. Veigamesta ákvörðunin varðaði breytingu á dreifingu pósts með landpóstum, en sú breyting felst í því að nú er pósti dreift til heimila í dreifbýli annan hvern dag í stað fimm daga í viku áður. Með breytingunni er áætlað að um 200 milljónir sparist árlega í póstdreifingu. Snerti breytingin þúsundir heimila í dreifbýli. Þessi breyting mæltist ekki vel fyrir hjá neytendum og sveitarstjórnnum og hefur fjöldi sveitarstjórna mótmælt breytingunni. Sýnir þetta mikilvægi póstpjónustunnar í landinu og þá ekki síst í hinum dreifðu byggðum. Vonandi verður uppbygging ljósleiðarþjónustu í dreifbýlinu með stuðningi ríkisvaldsins til þess að draga að einhverju leyti úr neikvæðum áhrifum þessarar þjónustuskerðingar.

## STAÐA OG ÞRÓUN PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR

Í inngangi síðustu ársskýrslu fyrir árið 2014 var fjallað um hugmyndir um breytingar á stofnanaskipulagi varðandi stofnunina. Þær hugmyndir hafa ekki náð fram að ganga. Öllum má ljóst vera að stofnunin starfar í umhverfi þar sem breytingar eru miklar. Stofnunin er þeirrar skoðunar að ef endurskoða eigi stofnanaskipulag hennar eigi að horfa til framtíðar um vaxtabrodda í starfsemi hennar og þá ekki síst tíðni-, innviða- og öryggismála, auk þeirrar þróunar sem leiðir af nethlutleysi og umræðu um þróun regluverksins í ljósi samruna fjarskipta og Internetsins.

## LOKAORÐ

Á næstu árum er fyrir séð að fjarskiptatækni og –þjónusta muni í æ ríkari mæli lúta lögmálum og tækni Internetsins og að lokum mun samruni þess og hefðbundinna fjarskipta verða alger; ekki verður í raun hægt að gera greinarmun á þjónustu Internetsins og þeirri þjónustu sem við í dag köllum fjarskiptaþjónustu, s.s. talsímaþjónustu og SMS. Með snjallvæðingu þjóðfélaga þar sem Internettengd tæki sinna ýmsum daglegum störfum, mun Internetið ná mjög „nálægt“ einstaklingnum. Einstaklingar og þjóðfélög reiða sig í æ ríkari mæli á þessa nýju tækni og verða í raun háð tækninni að vissu leyti. Tæknin mun leysa tilteknar þarfir sem í dag er annars vegar sinnt af mannshöndinni og hins vegar mun tæknin skapa ný tækifæri með þjónustu sem byggir á samspili háhraðaneta, skýjaþjónustu, öflugs endabúnaðar og gervigreindar. Málsmetandi menn eins og Bill Gates og Stephen Hawking hafa varað við því að geta gervigreindartækninnar muni eflast svo mjög á næstu áratugum að mannkyninu gæti jafnvel stafað að því ógn. Með háraðanetum og snjallvæðingu mun þessi tækni verða allt í kringum okkur í daglegu lífi; á heimilinu, vinnustaðnum og á förnum vegi. Við þessari fyrir séðu

þróun þurfa stjórnvöld nú þegar að bregðast þannig að tæknin verði til blessunar en ekki bölvunar. Auk þess að huga að rekstraröryggi og netöryggi (cyber security) fjarskiptaneta, uppbyggingu fjarskiptaneta, endurskoðun persónuverndar og endurskoðun þjónustuframboðs og viðskiptamóðela fjarskiptafélaga, þarf að huga að samfélagslegum og siðferðilegum þáttum sem leiða af tækniþróuninni. Í raun er þessi þróun hafin að hluta til með innreið samfélagsmiðla og ýmissa einfaldra snjalltækja, en gera má ráð fyrir að þetta sé einungis forsmekkurinn af því sem koma skal. Margt bendir til þess að snjalltæknin muni nýtast vel í stýringu ýmissa umhverfispátta, í heilbrigðiskerfinu, í menntakerfinu og í samgöngum svo fátt eitt sé nefnt. Því er ljóst að við lifum á spennandi tímum og enn meira spennandi tímar eru framundan. Snúum bókum saman og nýtum tæknina til framfara og virkjum hana þjóðfélaginu til góðs.

*Hrafnkell V. Gíslason*

# FJARSKIPTAMARKAÐURINN

## FYLGST MEÐ STÖÐU FJARSKIPTAMARKAÐARINS


### Tölfræðiskýrslur PFS um íslenska fjarskiptamarkaðinn

Tvisvar á ári safnar Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) upplýsingum frá skráðum fjarskiptafyrirtækjum hér á landi um ýmsar stærðir í rekstri og þjónustu á sviði fjarskipta. Upp úr þeim tölum vinnur stofnunin tölfræðiskýrslur sem sýna upplýsingar um helstu stærðir og fyrirtæki á íslenskum fjarskiptamarkaði. Markmiðið er að bæta upplýsingagjöf og auka gagnsæi á þessum markaði og eru skýrslur PFS í samræmi við þær skýrslur sem systurstofnanir PFS í nágrennalöndum okkar gefa út. Birtar eru tölfræðiskýrslur um íslenska fjarskiptamarkaðinn tvisvar á ári.

Tölfræðiskýrsla ársins 2015 sýnir m.a. að á farnetsmarkaði er virk samkeppni og markaðsskipting milli þriggja stærstu félaganna nokkuð jöfn, en Nova er með 34% markaðshlutdeild, Síminn með tæplega 34% og Vodafone með um 28%. Á markaði fyrir Internetþjónustu hefur Síminn um 49% hlutdeild, Vodafone 29%, 365 með 13% og aðrir minna. Staðan á markaði fyrir fastanet hefur haldist frekar stöðug á undanförunum árum þar sem Síminn er langstærstur með um 62% markaðshlutdeild, en næst kemur Vodafone með um 23%.


### Farsímaáskriftir

Markaðshlutdeild eftir fyrirtækjum



### Fjöldi Internettenginga

Markaðshlutdeild eftir fyrirtækjum



### Norræn tölfræðiskýrsla

Árlega er gefin út tölfræðiskýrsla sem unnin er í samvinnu PFS og systurstofnana hennar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltlöndunum. Þar eru teknar saman sambærilegar tölur um notkun helstu þátta fjarskiptaþjónustu og þróun undanfarinna ára í löndunum átta.

Á heildina litið er fjarskiptanotkun mjög lík í þessum löndum og íbúar þeirra nýta sér sambærilega tækni á svipaðan máta. Þrátt fyrir það má þó víða sjá mun á notkun og þróun einstakra þátta. Skýrsluna er hægt að nálgast á vef PFS.



## MARKAÐSGREININGAR

Markaðsgreiningar á fjarskiptamarkaði eru stór þáttur í starfi PFS. Þeim er beitt til að efla samkeppni með því að greina stöðu markaðsaðila og leggja á viðeigandi úrræði ef samkeppni er ekki talin vera næg. Markaðsgreiningin er grundvöllur ákvörðunar um það hvort leggja skuli á, viðhalda, breyta eða fella niður sérstakar kvaðir á fjarskiptafyrirtæki sem útnefnd hafa verið með umtalsverðan markaðsstyrk.

PFS framkvæmir greiningar á þeim mörkuðum sem tilgreindir eru í tilmælum ESA, í samræmi við fjarskiptalögin og skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum. Fjarskiptalöggjöfin gerir jafnframt ráð fyrir því að PFS skilgreini þessa markaði í samræmi við séríslenskar aðstæður. Því má gera ráð fyrir að markaðsskilgreining PFS geti verið frábrugðin þeirri sem er í tilmælunum. PFS er jafnframt heimilt að rannsaka aðra fjarskiptamarkaði en þá sem taldir eru upp í tilmælunum. Núgildandi tilmæli ESA voru gefin út 5. nóvember 2008, en í þeim eru mun færri markaðir tilgreindir heldur en í fyrri tilmælum ESA um sama efni sem gefin voru út árið 2004. Talið var að almennt uppfylltu ekki allir markaðirnir í tilmælunum frá 2004 lengur þau skilyrði sem eru forsenda þess að beita megi fyrirfram kvöðum. Þeir markaðir sem skylt er að taka til skoðunar samkvæmt gildandi tilmælum ESA eru eftirfarandi:

1. Aðgangur að fasta talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki
2. Upphaf símtala í fastaneti
3. Lúkning símtala í einstökum fastanetum
4. Aðgangur að föstum aðgangsnætum (þ.m.t. skiptur og óskiptur aðgangur)
5. Breiðbandsaðgangur
6. Lúkningarhluti leigulína
7. Lúkning símtala í einstökum farsímanetum

ESA vinnur nú að útgáfu nýrra tilmæla í samræmi við tilmæli ESA frá 2014 um fyrirfram skilgreinda markaði og er gert ráð fyrir að tilmælin verði innleidd á árinu 2016 og mun þá mörkuðum fækka úr 7 í 5.

Á árinu 2015 lauk stofnunin greiningu á heilðsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Einnig lauk stofnunin greiningu á heilðsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína, sem áður var markaður nr. 14 skv. tilmælum ESA frá 2004. Auk þess var unnið að endurskoðun á smásölumarkaði fyrir aðgang að fasta talsímanetinu og heilðsölumörkuðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í fastaneti, sem fyrirhugað er að ljúka á árinu 2016. Enn fremur verður áfram lögð áhersla á að fylgja eftir þeim kvöðum sem lagðar hafa verið á í kjölfar markaðs-

greininga, og þá sérstaklega kostnaðargreiningum á heilðsöluverðum og endurskoðun á viðmiðunartilboðum.

**Framkvæmd markaðsgreiningar má skipta í þrjá áfanga:**

1. Skilgreina viðeigandi þjónustumarkaði og landfræðilega markaði
2. Greina alla markaði, kanna hvort samkeppnin á þeim sé virk og taka ákvörðun um hvort þar finnst eitt eða fleiri fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild
3. Taka ákvörðun um hvort leggja skuli á, viðhalda, breyta eða draga til baka kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild

### Helstu verkefni á sviði markaðsgreininga á árinu 2015 Heilðsölumarkaður fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum

Þann 31. júlí 2015 birti PFS ákvörðun sína nr. 20/2015 varðandi heilðsölumarkað fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7).

Niðurstaða PFS var á þá leið að útnefna Símann hf., Fjarskipti hf. (Vodafone), Nova ehf., IMC Ísland ehf. (Alternia) og 365 miðla ehf. sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir lúkningu símtala í GSM/2G, UMTS/3G, LTE/4G og sýndarnetum umræddra aðila og leggja viðeigandi kvaðir á þá. Kvaðir á fyrirtækin verða áfram þær sömu og áður að því undanskildu að kvöð um bókhaldslegan aðskilnað er afnumin af Símanum og Vodafone þar sem slíkt er óþarft ef byggt er á verðsamanburði.

Vegna kvaðar um eftirlit með verðskrá eru þau nýmæli að sérstaklega er tekið fram í ákvörðuninni að hámarkslúkningarverð gildi einungis um símtöl sem eiga uppruna sinn í netum fjarskiptafyrirtækja sem starfrækt eru innan EES-svæðisins. Kvöð um hámarksverð gildir því ekki um símtöl sem eiga uppruna í netum utan EES-svæðisins.

Greining á þessum markaði var áður gerð á árunum 2006, 2010 og 2012. Niðurstaða síðustu greiningarinnar var á þá leið að Síminn, Vodafone, Nova, Tal og IMC/Alternia væru með umtalsverðan markaðsstyrk í sínum farsímanetum. Kvaðir sem lagðar voru á varðandi GSM/UMTS net fyrirtækjanna voru eftirfarandi:

- Kvöð um aðgang
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað (aðeins á Símann og Vodafone)
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Kvöðin byggðist á verðsamanburði við þau lönd innan EES-svæðisins sem greint hafa verð með BU-LRIC aðferðafræði

Síðan síðasta greining var gerð hefur fyrirtækið 365 miðlar ehf. keypt IP-fjarSKIPTI ehf. (Tal) og samruni þeirra verið samþykktur af Samkeppniseftirlitinu með skilyrðum. Fjöldi fyrirtækja á markaði hefur ekki afgerandi áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði þar sem hann afmarkast af hverju neti fyrir sig þar sem hvert fyrirtæki er með 100% markaðshlutdeild á lúkningarmarkaði í eigin neti og ekki eru til staðar möguleikar á staðgöngu fyrir lúkningu í einstökum farsímanetum, hvorki framboðs- eða eftirspurnarmegin. Núverandi tækni býður ekki upp á lúkningu símtala í farsíma hjá öðrum en farsímafyrirtæki þess notanda sem hringt er í. Ólíklegt er að það breytist í nánustu framtíð. Á smásölustigi virðast heldur ekki vera aðrir raunverulegir valkostir fyrir notendur sem gætu veitt aðhald í verðlagningu á lúkningu símtala í farsímaneti.

Önnur nýjung á markaði frá síðustu markaðsgreiningu er að farsímafyrirtækin bjóða nú þjónustu yfir fjórðu kynslóð farsímaneta (4G) sem einnig er nefnd LTE (e. Long Term Evolution). Framboð 4G/LTE þjónustu hófst í apríl 2013 þegar Nova hóf að bjóða viðskiptavinum sínum þjónustu yfir slíkt net og hjá Símanum fáeinum mánuðum síðar það sama ár. Vodafone hefur einnig byggt upp 4G net sem hluta af farsímaþjónustu sinni. 365 miðlar ehf. varð hlutskarpast í útboði sem lauk í mars 2013 vegna leyfis fyrir tíðni til notkunar fyrir 4G/LTE farsímanet um land allt, en fyrirtækið hefur ekki enn hafið rekstur þjónustu á eigin neti. Eins og þegar framboð á UMTS (3G) þjónustu hófst árið 2007 breytir þetta nýja þjónustuframboð ekki samkeppnis skilyrðum á viðkomandi markaði, sérstaklega þar sem 4G inniheldur ekki rásaskipt samskipti til talrása, heldur er einungis byggt til gagnaflutnings. Símtöl á 4G netum fara því yfir 3G eða 2G (GSM) net viðkomandi fjarSKIPTAFYRIRTÆKIS. Þegar um er að ræða lúkningu símtala þá er að auki ekki hægt að gera greinarmun á þjónustunni, hvorki varðandi notagildi eða verðlagningu eftir því yfir hvaða net lúkningu er sinnt. 4G/LTE eða 3G/UMTS þjónusta breytir því engu um skort á staðgöngu fyrir lúkningu í einstökum netum.

Viðkomandi þjónustumarkaður nær því yfir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Þau farsímanet sem hér falla undir eru GSM (2G), UMTS (3G), LTE (4G) og sýndarfarsímanet sem byggjast á framangreindum netum. Því skilgreinir PFS eftirfarandi þjónustumarkaði:

- Lúkning símtala í GSM/UMTS/LTE farsímaneti Símans
- Lúkning símtala í GSM/UMTS/LTE farsímaneti Vodafone
- Lúkning símtala í UMTS/LTE farsímaneti Nova
- Lúkning símtala í GSM farsímaneti IMC Ísland/Alterna
- Lúkning símtala í sýndarfarsímaneti 365 (Tal)

PFS lítur svo á að landfræðilegur markaður fyrir lok símtala í einstökum farsímanetum sé landið allt í samræmi við umfang sérhvers farsímanets.

Öll fyrirtækin eru með 100% markaðshlutdeild í lúkningu símtala í eigin farsímaneti. Að mati PFS einkennast viðkomandi markaðir af afdráttarlausum aðgangshindrunum og möguleg samkeppni er ekki líkleg á næstu 2-3 árum.

Með hliðsjón af markaðsgreiningunni eru vísbendingar um að samkeppnislegar aðstæður á markaði skapi ekki þrýsting á verð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum. Tæknin býður ekki, eins og sakir standa, upp á möguleika á staðgöngu í framboði. Ekki er til staðar kaupendastyrkur, hvorki á heildsölu- eða smásölustigi, í nokkrum mæli og ekkert bendir til að samkeppnisaðilar, viðskiptavinir eða neytendur geti haft áhrif á verð fyrir lúkningu símtala í farsímaneti. Því telur PFS að öll fyrrgreind fyrirtæki séu með umtalsverðan markaðsstyrk og útnefnir Símann, Vodafone, Nova, IMC/Alterna og sameinað 365 og IP-fjarSKIPTI (Tal) með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir lúkningu símtala í farsímanetum sínum.

Samkeppnisvandamál sem PFS hefur greint á viðkomandi mörkuðum má fyrst og fremst rekja til þess að farsímafyrirtækið sem ræður yfir netinu sem símtalinu er lokið í, er með einokunaraðstöðu á viðkomandi markaði. Flest samkeppnisvandamál á viðkomandi mörkuðum tengjast lúkningarverði. Þá hafði sá mikli munur sem lengi vel var á lúkningarverðum farsímafyrirtækjanna einnig skaðleg áhrif fyrir neytendur sem áttu erfitt með að gera sér grein fyrir hvað símtal kostaði. PFS hefur síðustu misseri og ár útrýmt þeim mun á lúkningarverðum sem var á milli fyrirtækja og lækkað hámarks lúkningarverð verulega. Of há lúkningarverð geta einnig haft áhrif á innkomu nýrra þjónustuaðila á farsíma markaðinn. Verð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum voru því lengi vel hærri en kostnaður gaf til efni til, sérstaklega þegar horft er til kostnaðargreiningar Símans frá 2010 og þeirrar staðreyndar að utankerfissímtöl voru umtalsvert dýrari en innankerfissímtöl. PFS lagði á fyrirtækin eftirfarandi kvaðir til að freista þess að leysa þau samkeppnisvandamál sem til staðar eru á viðkomandi mörkuðum:

- Kvöð um aðgang
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá, sem felur í sér að hámarks lúkningarverð verði ákveðið árlega með verðsamanburði. Á gildistíma greiningar þessarar verður verðið árlega uppfært miðað við nýjan verðsamanburð sem lokið skal eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sú niðurstaða ræður verðinu frá og með áramótum þar á eftir til næstu áramóta.

### Heildsölumarkaður fyrir stofnlínuhluta leigulína

Þann 12. ágúst 2015 birti PFS ákvörðun sína nr. 21/2015 varðandi heildsölumarkað fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14, skv. eldri tilmælum ESA).

Niðurstaða PFS var á þá leið að útnefna Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína og leggja viðeigandi kvaðir á fyrirtækið.

Stofnlínuhluti leigulína er sá hluti leigulína sem liggur á milli símstöðva/tengipunkta. Umræddur markaður var síðast greindur með ákvörðun PFS nr. 20/2007 og þá var niðurstaðan sú að bæði Míla og Síminn voru útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði og voru viðeigandi kvaðir lagðar á bæði félögin.

Það var niðurstaða PFS nú að Míla eitt fyrirtækja skyldi útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk að þessu sinni, þar sem Síminn starfaði ekki lengur á viðkomandi markaði eftir sátt Símasamstæðunnar og Samkeppniseftirlitsins frá 2013. Kvöðum verður viðhaldið á Mílu til að stuðla að virkri samkeppni á hinum ýmsu undirmörkuðum fjarskipta sem treysta á aðgang að hinu landsdekkandi stofnleigulínukerfi Mílu í starfsemi sinni.

Meginbreytingin frá fyrri ákvörðun á viðkomandi markaði er að nú er hinn landfræðilegi markaður skilgreindur sem landið allt, en í síðustu greiningu var hinum landfræðilega markaði skipt í tvennt, þ.e. höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggðin hins vegar. PFS taldi ekki rök fyrir því að viðhalda slíkri skiptingu.

Greining á þessum markaði var áður gerð árið 2007. Niðurstaða þeirrar greiningar var að tveir landfræðilegir markaðir væru til staðar, þ.e. annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggðin. Síminn og Míla, sem bæði tilheyra Símasamstæðunni, voru útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á báðum markaðssvæðunum og lagðar voru kvaðir á fyrirtækin um:

- Aðgang
- Jafnræði
- Gagnsæi
- Bókhaldslegan aðskilnað
- Eftirlit með gjaldskrá (byggt á sögulegum kostnaði)

Þar sem markaðurinn er ekki lengur í tilmælum ESA þurfti að framkvæma mat á því hvort hann uppfyllti enn þau skilyrði sem þarf til þess að til greina komi að beita fyrirfram kvöðum (þriggja skilyrða prófið). Það er niðurstaða PFS að markaðurinn uppfylli enn þessi skilyrði, sem eru

að miklar og viðvarandi aðgangshindranir séu til staðar, markaðurinn stefni ekki í átt að virkri samkeppni og að almennar samkeppnisreglur dugi ekki til þess að bæta úr þeim vandamálum sem eru ríkjandi á markaðnum. Þær aðstæður eru uppi hér á landi að á mörgum flutningsleiðum er aðeins einn þjónustuveitandi, en framkvæmdastjórn ESB hefur talið að slíkar aðstæður geti réttlætt áframhaldandi afskipti af markaðnum með álagningu viðeigandi kvaða.

Niðurstaða markaðsgreiningar að þessu sinni var að aðstæður á markaðnum væru ekki verulega frábrugðnar þeim aðstæðum sem voru til staðar árið 2007. Öll heildsala á leigulínum innan Símasamstæðunnar hefur fæst yfir til Mílu og er Síminn því ekki lengur starfandi á þessum markaði. Fjöldi fyrirtækja á markaðnum er nokkurn veginn sá sami og var árið 2007. PFS telur að umtalsverðar og viðvarandi aðgangshindranir séu til staðar á markaðnum og ekki sé von á virkri samkeppni á næstu 2–3 árum. Míla hefur enn yfirgnæfandi markaðshlutdeild, hvort sem miðað er við tekjur af leigulínum eða fjölda virkra sambanda. PFS útnefnir því Mílu að nýju með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína. Útnefning Símans sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði fellur hins vegar niður og einnig þær kvaðir sem lagðar voru á Símann.

Þær kvaðir sem PFS lagði á Mílu á viðkomandi markaði eru eftirfarandi:

- Aðgangur
- Jafnræði
- Gagnsæi
- Bókhaldslegur aðskilnaður
- Eftirlit með gjaldskrá (byggt á sögulegum kostnaði)
- Kostnaðarbókhald

### Kostnaðargreiningar og viðmiðunartilboð

Í framhaldi af markaðsgreiningum PFS á skilgreindum mörkuðum á sviði fjarskipta eru lagðar ýmsar kvaðir á fyrirtæki sem útnefnd eru með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Ein af þeim kvöðum er eftirlit með verðlagningu. Viðkomandi fyrirtæki skal þá greina kostnað sem fellur til innan fyrirtækisins við rekstur þeirrar þjónustu sem fellur undir viðkomandi markað, aðgreina hann frá kostnaði við annan rekstur og verðleggja viðkomandi vörur í samræmi við þann sundurgreinda kostnað. PFS yfirfir slíkar greiningar og gerir athugasemdir og/eða fer fram á breytingar á kostnaðargreiningunni. Þegar greining hefur verið samþykkt af PFS er hún lögð í samráð meðal hagsmunaaðila sem þá geta komið að athugasemdum og tillögum til breytinga sem stofnunin hefur til hliðsjónar við ákvarðanatöku að samráði loknu. Þegar tekin er ákvörðun

í kjölfar innanlandssamráðs eru drög að henni birt á heimasíðu PFS og send til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). ESA skal þá innan 30 daga samþykkja ákvörðunina eða gera athugasemdir við hana.

Önnur kvöð sem lögð er á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk er kvöð um gagnsæi. Fyrirtækið skal þá birta viðmiðunartilboð þar sem allar tæknilegar kröfur og skilmálar fyrir viðkomandi þjónustu eru birtar sem og verð allra þjónustupátta. Allir kaupendur þjónustunnar skulu

sitja við sama borð og njóta þessara kjara, hvort sem þeir eru tengdir aðilar eða ótengdir. Fyrirtækið gerir tillögu að viðmiðunartilboði sem PFS fer yfir og leggur í samráð meðal hagsmunaaðila. Að loknu samráði tekur PFS ákvörðun um viðmiðunartilboðið sem tekur þá gildi. Á árinu 2015 var tekin ein slík ákvörðun hjá stofnuninni, ákvörðun nr. 33/2015 þar sem samþykkt var, að svo stöddu, viðmiðunartilboð Milu frá haustinu 2014 um Ethernetþjónustu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína.

## Helstu verkefni á sviði kostnaðargreininga á árinu 2015

Ákvörðun	Markaður	Heiti markaðar	Efni ákvörðunar
32/2015	M14	Stofnlínuhluti leigulína	Heildsölugjaldskrá - Hraðbrautarsambönd
28/2015	M7	Lúkning símtala í einstökum farsímanetum	Heildsölugjaldskrá - Lúkning símtala (Verðsamanburður)
25/2015	M14	Stofnlínuhluti leigulína	Heildsölugjaldskrá - Skammtimatengingar
24/2015	M14	Stofnlínuhluti leigulína	Heildsölugjaldskrá - Hraðbrautarsambönd
23/2015	M14	Stofnlínuhluti leigulína	Heildsölugjaldskrá - Ethernetþjónusta
22/2015	M14	Stofnlínuhluti leigulína	Heildsölugjaldskrá - Almennt leigulínur
19/2015	M2	Upphaf símtala í fastaneti	Heildsölugjaldskrá - Upphaf símtala
19/2015	M3	Lúkning símtala í einstökum fastanetum	Heildsölugjaldskrá - Lúkning símtala (Verðsamanburður)
18/2015	M5	Breiðbandsaðgangur	Heildsölugjaldskrá - ADSL+ og SHDSL+ tengingar (A1)
10/2015	M1	Aðgangur að fasta talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki	Heildsölugjaldskrá - Aðgangur

## EFTIRLIT MEÐ AÐSKILNAÐI FJARSKIPTASTARFSEMI GAGNAVEITU REYKJAVÍKUR FRÁ ANNARRI STARFSEMI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Samkvæmt 36. gr. fjarskiptalaga ber fyrirtækjum, sem njóta einka- eða sérrettinda á öðru sviði en fjarskiptum, að halda fjarskiptastarfsemi fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Þá skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) haft margháttuð afskipti af starfsemi Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) á undanförunum áratug í þeim tilgangi að tryggja fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi félagsins frá annarri starfsemi móðurfélagsins Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Frá árinu 2006 hefur PFS tekið átta ákvarðanir sem varða framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar með einum

eða öðrum hætti. Í flestum tilvikum hefur verið um frumkvæðismál af hálfu stofnunarinnar að ræða.

Í þessum málum hafa verið lagðar ýmsar kvaðir á Gagnaveitu Reykjavíkur til að skapa gagnsæi í fjárhagslegum rekstri félagsins og koma upp umgjörð um reksturinn sem er ætlað að tryggja eðlilega samkeppnisstöðu. Hið síðara atriði lýtur m.a. að því að koma í veg fyrir að Gagnaveita Reykjavíkur fái notið betri kjara heldur en fyrirtækjum á fjarskiptamarkaði stendur almennt til boða vegna tengsla félagsins við Orkuveitu Reykjavíkur sem er í opinberri eigu. Í gegnum tíðina hefur PFS sett ýmis skilyrði um framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar hjá Gagnaveitu Reykjavíkur, t.d. um eftirfarandi:

- Skilyrði fjárhagslegs aðskilnaðar, m.a. um forsendur lánasamninga og vegna samnýtingar á stoðþjónustu (2006)
- Fyrirmæli um reikningsskil og um skilmála lánasamnings OR við GR (2008)
- Skilyrði um fyrirfram samþykki PFS fyrir hlutfjáru aukningu í GR (2010)

- Brot á framkvæmd lánasamnings OR við GR (2010)
- Samþykki fyrir hlutfjárukningu í GR og staðfesting arðsemiskröfu (2010)
- Samþykki fyrir hlutfjárukningu í GR (2014)
- Framlag til uppbyggingar á ljósleiðara úr uppgræðslusjóði Ölfuss hafi brotið gegn 36. gr. fjarskiptalaga (2015).

Af þessu má sjá að eftirlit PFS vegna fjárhagslegs aðskilnaðar fjarskiptastarfsemi Gagnaveitu Reykjavíkur frá annarri starfsemi móðurfélagsins hefur verið viðvarandi á undanförunum árum. Í ljósi þeirra hagsmuna sem 36. gr. fjarskiptalaga er ætlað að tryggja, þ.e. að jafna samkeppnisstöðu og koma í veg fyrir ólögmeða niðurgreiðslu á fjarskiptastarfsemi, verður að telja að tíð afskipti PFS af starfsemi Gagnaveitu Reykjavíkur veiti félaginu það aðhald sem fjarskiptalög gera ráð fyrir.

## ÁGREININGUR UM INNANHÚSSFJARSKIPTALAGNIR OG ENDURSKOÐUN REGLNA

Um nokkra hríð hefur verið uppi ágreiningur milli Mílu ehf. og Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) um hvernig haga eigi frágangi strengenda ljósleiðaraheimtaugar í fjarskiptainntaki húseigna. Á grundvelli kvörtunar Mílu tók PFS ákvörðun um að svokölluð bræðisuða/splæsitinging bryti gegn 7. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, þar sem strengendi heimtaugar væri ekki festur við tengilista. Var sú niðurstaða staðfest af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, sbr. úrskurð nr. 5/2014. Hins vegar felldi úrskurðarnefndin úr gildi fyrir mæli PFS til Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) um úrbætur, þar sem um væri að ræða íþyngjandi viðurlagaúrræði, sem hefðu sér ekki stöð í viðurlagaákvæði reglnanna og uppfyllti ekki skýrleika brots.

Í framhaldi af þessu ítrekaði Míla kröfu sína um úrbætur. PFS endurtók þá rannsókn málsins og komst að þeirri niðurstöðu að ábyrgð á frágangi innanhússlagna frá inntaki fjarskiptastrengja hvíldi á húseiganda, sbr. ákvörðun PFS nr. 29/2015. Niðurstaðan var því sú að ekki væri hægt beina kröfu um úrbætur á fjarskiptafyrirtæki, í þessu tilviki GR. Eftir því sem PFS kemst næst er það sjaldgæft að innanhússfjarskiptalagnir séu í eigu húseiganda og að kveðið sé á um ábyrgðarskilin í lögum. Því gilda ekki almennar reglur um aðgangsskýrði að innanhússfjarskiptalögnum hér á landi eins og tíðkast í sumum ríkjum Evrópu, þar sem innanhússfjarskiptalagnir eru í eigu fjarskiptafyrirtækja. Þessi ákvörðun PFS er nú í kærumeðferð.

Í aðdraganda framangreinds ágreinings hafði PFS orðið áskynja um áhuga fjarskiptafyrirtækja á því að stofnunin tæki reglur sínar nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir til endurskoðunar m.a. með tilliti til þess að aðlaga þær betur að ljósleiðaratækni. Sú vinna lá hins vegar niðri á meðan verið var að leysa úr ágreiningi aðila. Í framhaldi af ákvörðunum PFS var farið í umrædda vinnu síðastliðið haust og viðhaft náði og viðamikil samráð við markaðs- aðila og sjálfstætt starfandi sérfræðinga á þessu sviði. Meðal annars var haldinn umræðufundur um málið þann 9. september 2015 og efnt til skriflegs samráðs í framhaldi af því. Endurskoðun reglnanna tók jafnframt til þess atriðis sem PFS hafði fjallað um í ákvörðunum sínum, þ.e. frágangs á strengenda ljósleiðaraheimtaugar í fjarskiptainntaki húseigna. Í umsögnum meirihluta umsagnaraðila komu fram sjónarmið um að opna ætti fyrir möguleika til að nota bræðisuðu/splæsitingingu. PFS telur sig hafa unnið úr umsögnum og vilja umsagnaraðila á sanngjarnan og málefnalegan hátt, við útgáfu á nýjum reglum um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015, með því að gera þá kröfu að koma skuli upp tengilista í öllum nýbyggðum fjölbýlishúsum og að ekki megi nota bræðisuðu/splæsitingingu nema að leggja a.m.k. einn aukaþráð í hverja íbúð (sem standi þá öðru fjarskiptafyrirtæki til boða).

## HLUTVERK PFS SAMKVÆMT FJÖLMIÐLALÖGUM

Samþætting fjölmiðlunar og fjarskipta er sífelld að aukast með tækniþróun undanfarinna ára og með tilkomu afkastamikillar háhraðagagnaflutningsþjónustu. Er nú svo komið að flestir landsmenn hafa aðgang að sjónvarpsþjónustu í gegnum háhraðafarnet eða fastanetstengingu. Þessi þróun hefur kallað á reglusetningu varðandi samskipti fjölmiðlaveitenda og fjarskiptafyrirtækja (þ.e. rekstraraðila dreifikerfa). Kemur þetta til af gagnkvæmum hagsmunum þessara aðila, annars vegar að fjölmiðlaveita geti fengið aðgang að dreifikerfi með mikla útbreiðslu og hins vegar að fjarskiptafyrirtæki sem reka dreifikerfi geti fengið aðgang að vinsælu sjónvarpsefni. Ákvæði laga um fjölmiðla nr. 38/2011 sem um þetta fjalla eru kallaðar flutningsréttarreglur.

Í ljósi framangreindrar þróunar um samþættingu fjölmiðlunar og fjarskipta eru dæmi um það frá Evrópu að eftirlit á þessum sviðum sé á hendi sömu eftirlitsstofnunarinnar. Hér á landi var á hinn bóginn farin sú leið að fela fjölmiðlanefnd umsjón með framkvæmd fjölmiðlalaga almennt, en fela PFS eftirlitshlutverk varðandi samskipti fjölmiðlaveitenda og fjarskiptafyrirtækja á grundvelli flutningsréttarreglna. Um þessar reglur er fjallað í VII. kafla



fjölmiðlaga, en meðal verkefna stofnunarinnar á þessu sviði og í tengdum málum má nefna:

- Lausn ágreinings um flutningsskyldu
- Lausn ágreinings um flutningsrétt
- Lausn ágreinings um endurgjald fyrir flutning eða kaup á efni
- Eftirlit með því að fjölmiðlaveitur sjái til þess í samningum að flytja megi sjónvarpsefni um öll staf-ræn fjarskiptanet sem fullnægja ákveðnum skilyrðum
- Framkvæmd bannákvæðis um að fjölmiðlaveitandi beini viðskiptum viðskiptamanna sinna að tengdu fjarskiptafyrirtæki
- Framkvæmd á forgangi sjónvarpsútsendinga með íslensku tali eða texta fram yfir erlendar endurvarps-rásir við uppröðun rása á fjarstýringu
- Lausn ágreinings um aðgang að stuttum mynd-skeiðum af innlendum eða erlendum viðburðum sem vekja mikinn áhuga meðal almennings
- Heimild til að setja reglur um lágmarkskröfur um útsendingargæði og öryggi

#### Ágreiningur um sjónvarpsdreifimál


Samkvæmt VII. kafla fjölmiðlalaga nr. 38/2011 er Póst- og fjarskiptastofnun falið eftirlitshlutverk um framkvæmd flutningsréttarreglna og annarra tengdra atriða sem varða samskipti fjölmiðlaveitu og fjarskiptafyrirtækja. Á síðasta ári varð ágreiningur milli Fjarskipta hf. (Vodafone) og Sí-mans hf. um framkvæmd á samningi milli félaganna tveggja um sjónvarpsdreifingu Vodafone á sjónvarpsefni Sí-mans (SkjárEinn). Var málinu skotið til PFS en ágreiningurinn sneri fyrst og fremst að því hvort Vodafone væri heimilt að dreifa sjónvarpsefni Sí-mans með ólínulegri myndmiðlun á borð við Tímaflakk/Tímavél og Frelsi. Í ákvörðun sinni nr. 30/2015 komst Póst- og fjarskiptastofnun að þeirri niðurstöðu að ágreiningurinn lyti að túlkun sjónvarps-dreifisamnings sem ekki hefði verið byggður á flutnings-réttarreglum fjölmiðlalaga og heyrði því ekki undir stofn-unina heldur væri á forræði dómstóla að skera úr um.

Þar með var þó ekki öllum þáttum málsins lokið hjá stofnuninni. Enn var uppi ágreiningur milli aðila um hvort aðgangur að ólínulegu sjónvarpsefni sem væri einungis í boði hjá Sjónvarpi Sí-mans hf. fæli í sér brot gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga sem tiltekur að fjölmiðlaveitu sé óheimilt að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Ágreiningurinn laut m.a. að því hvort umrædd 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga tæki til ólínulegrar myndmiðlunar.

Þegar kemur til túlkunar á slíku ákvæði getur verið gagn-legt að horfa til þess umhverfis sem er til staðar varðandi sjónvarpsdreifingu hér á landi samanborið við önnur lönd. Í ríkjum á EES-svæðinu hefur víða verið sett ákvæði um flutningsskyldu en fá ríki hafa sett ákvæði um flutnings-rétt og engin ríki, svo PFS sé kunnugt um, sett ákvæði á borð við 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga. Ástæðuna fyrir setningu ákvæðis um flutningsrétt og umrædds bann-ákvæðis 5. mgr. má rekja til þeirra einstöku aðstæðna sem uppi hafa verið á markaði fyrir dreifingu sjónvarpsefnis á Íslandi um margra ára skeið. Vægi fjarskiptafyrirtækja við dreifingu sjónvarpsefnis er gríðarlega mikið hér á landi og mun meira en þekkist annars staðar í Evrópu. Á þetta ekki síst við um IPTV kerfi fjarskiptafyrirtækjanna, þ.e. sjónvarp sem dreift er með fastri Internettengingu. Eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan notuðu um 60% íslenskra heim-ila IPTV kerfi til að horfa á sjónvarp á árinu 2011 þegar fjölmiðlalög voru sett. Þetta hlutfall hefur svo hækkað enn meira og var orðið nær 70% á árinu 2014. Því hefur þörfin fyrir lagaákvæði þetta síst minnkað.

Af þessari stöðu má sjá að sterk staða IPTV sjónvarps hér á landi býður þeirri hættu heim að hægt sé að „loka“ áskrifendur inni á tilteknu fjarskiptaneti í krafti þess efnis sem þar stendur til boða. Þessi áhrif verða meiri því hærra sem markaðshlutdeild IPTV sjónvarps er sem hlutfall af sjónvarpsdreifingu í viðkomandi landi og eftir því sem sjónvarpsefnið sem einskorðast við tiltekin fjarskiptanet er eftirsóttara. Þá hefur vægi vörufléttna (*e. bundling*) í fjarskiptum aukist mjög mikið hér á landi og í allri Evrópu á síðustu árum og líklegt er að sú þróun haldi áfram. Þetta lýsir sér í því að neytendur kjósa í síauknum mæli að kaupa alla þjónustuþætti í einum pakka hjá sama fjarskiptafyrir-

tækinu, t.d. talsíma, farsíma, nettengingu og sjónvarp. Neikvæð samkeppnisstaða gæti því komið upp á íslenskum fjarskiptamarkaði ef fjarskiptafyrirtækjum er heimilt að einskorða tiltekið form af myndmiðlun, þ.e.a.s. ólínulega myndmiðlun, við eigin fjarskiptanet. Þá hefur þróun síðustu missera öll verið í þá átt að ólínuleg myndmiðlun er að aukast á kostnað hinnar línulegu og mun sú þróun án efa halda áfram. Því eftirsóttara sem efnið verður því skaðlegri áhrif myndu hljóta af slíku fyrirkomulagi þar sem samkeppni skaðast og neytendur verða fyrir tjóni í formi hærri verða og færri valkosta.



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, European Audiovisual Observatory og Cullen International

# FJARSKIPTATÆKNI OG ÚTBREIÐSLA

## SAMRÁÐ UM TÍÐNISTEFNU PFS FYRIR ÁRIN 2015 – 2018

PFS birti í apríl umræðuskjal um tíðnistefnu fyrir ákveðin tíðnisvið sem gilda skyldi frá 2015 til 2018 og kallaði stofnunin þar eftir svörum og athugasemdum hagsmunaaðila varðandi skipulag tíðnirófsins. Kallað var eftir samráði um tíðnisviðin 450 MHz, 700 MHz, 900 MHz, 1450 MHz, 2.1 GHz, 2.3 GHz, 2.6 GHz og 3.4 – 3.8 GHz, en þessi tíðnisvið eru öll eyrnamerkt fyrir háhraðafarnetsþjónustu (t.d. 4G). Auk fjölmargra atriða var sérstaklega könnuð eftirspurn eftir tíðnisviðum sem þegar hafa verið skil-

greind fyrir farnetsþjónustu og munu koma til úthlutunar eða endurúthlutunar á næstu misserum og árum. Þar er einkum um að ræða tíðnisviðin 400, 700, 900, 2100 og 2600 MHz.

Niðurstöður samráðsins voru birtar í september og voru þær niðurstöður miðaðar við svör umsagnaraðila og út frá þeim forsendum sem stofnunin þarf að horfa til varðandi hagkvæma notkun tíðnisviðsins, auk þess sem gera þarf ráð fyrir mótun útbreiðsluskilyrða, eftir því sem við á. Þegar horft var til alls þessa taldi PFS raunhæft að gefa út eftirfarandi tímaáætlun varðandi úthlutun þessara tíðnisviða.

Tíðnisvið	Úthlutunarár	Upphaf gildistíma tíðniheimildar
700 MHz	2017/2018	2017/2018
900MHz	2016	2017
2,1 GHz	2016	2016
2,6 GHz	2016	1. janúar 2017

## SAMNÝTING TÍÐNISVIÐA – NÝJUNG Í HÖGUN OG ÚTBREIÐSLU

Á undanförunum árum hefur orðið talsverð tækniþróun við uppbyggingu og högun farneta sem býður upp á þann möguleika að samnýta tíðnisvið. Um er að ræða SingleRan og MOCN tækni sem gerir það kleift að dreifa GSM, 3G og 4G/LTE frá einum og sama sendiskáp og um sömu loftnet fyrir tvo eða fleiri rekstraraðila á sama tíma. Þannig er búin til nokkurs konar sýndarrás fyrir hvert fyrirtæki fyrir sig og notendur félaganna sjá allar þjónustur (GSM, 3G og 4G/LTE) sem sitt eigið heimanet á sama tíma, um leið og full samnýting á búnaði og tíðnum á sér stað. Á þennan hátt fer fram samnýting á bæði búnaði og tíðniheimildum og ekki verður lengur aðskilnaður á milli búnaðar- og tíðniotkunar.

Með framangreindri tækni er hægt að ná töluverðri hagræðingu við uppbyggingu farneta og ná aukinni útbreiðslu farnetsþjónustu með minni tilkostnaði. Með tilliti til þessa ávinnings taldi PFS rétt að gefa kost á slíku samstarfi fjarskiptafyrirtækja við gerð uppboðsskilmála í aðdraganda uppboðs á tíðniheimildum á 800 og 1800 MHz tíðnisviðunum sem fram fór í febrúar/mars 2013. Slíkt samnýting var þó bundin samþykki stofnunarinnar og einnig Samkeppniseftirlitsins hvað varðar samkeppnisleg áhrif.

Með vísan til þessarar heimildar sóttu fjarskiptafyrirtækin Fjarskipti hf. (Vodafone) og Nova ehf. um heimild til að eiga með sér samstarf um uppbyggingu og rekstur á 4G/LTE farneti, ásamt því að mega samnýta allar tíðniheimildir félaganna í samræmi við þær þjónustur sem þær tækju til. Var þetta samstarf samþykkt af hálfu PFS og var það ekki talið fela í sér ólögmætt framsal tíðniheimilda, sbr. ákvörðun stofnunarinnar nr. 14/2014. Af hálfu Samkeppniseftirlitsins var samstarfið samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í ákvörðun þess nr. 14/2015.

Samkeppniseftirlitið taldi samstarf Vodafone og Nova ehf. í þessu tilfelli ekki fela í sér samruna, en í slíkum tilvikum getur komið til þess að Póst- og fjarskiptastofnun felli niður eða takmarki tíðniréttindi, á grundvelli 8. gr. fjarskiptalaga, ef sameinaður ráðstöfunarréttur yfir þeim er talinn skapa hættu á því að samkeppni eða hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins verði hamlað. Innan Evrópu eru dæmi þess að fjarskiptafyrirtæki hafi verið yfirtekin eða þau runnið saman með þeim afleiðingum að tíðniréttindi hafi verið afturkölluð að hluta.

Hefðbundin samnýting tíðna (e. Spectrum Sharing Agreements) er almennt ekki talin fela í sér samruna samkvæmt evrópskri réttarframkvæmd. Slíkt samstarf hefur því ekki leitt til afturköllunar á tíðniréttindum þótt það hafi í sumum tilvikum verið bundið annars konar skilyrðum eins og sjá má í töflunni hér efst á næstu síðu.




Land	Félög	Afturköllun tíðniréttinda	Opinn heildsöluágangur	Takmörkun á kaupum á tíðniheimildum	Krafa um sjálfstæði rekstraraðila	Landfræðileg afmörkun
Danmörk	Telenor og Telia	Nei	Já	Já	Já	Nei
Finnland	DNA og Telia	Nei	Já	Nei	Já	Já
Ísland	Vodafone og Nova	Nei	Já	Nei	Já	Nei
Pólland	Orange og T-Mobile	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Svíþjóð	Telia og Tele2	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Ungverjaland	Magyar Telekom og Telenor	Nei	Nei	Nei	Nei	Já

Samkvæmt þessu má sjá að samstarf og samnýting tíðna af hálfu Vodafone og Nova ehf. er bundið samskonar skilyrðum og tíðkast hefur í öðrum Evrópulöndum, þegar samstarfið er ekki talið fela í sér samruna og beitt er þeim eftirlitsúrræðum sem þá koma til skoðunar.

## NÆSTA KYNSLÓÐ FASTANETA

Hér á landi eins og annars staðar stendur nú yfir hröð þróun í lagningu næstu kynslóðar fastaneta, þ.e. ljósleiðara og VDSL. Í þéttbýli og dreifbýli um allt land er unnið að því að efla aðgengi að háhraðatengingum þótt það sé komið mislangt á veg, eins og sést á myndinni hér fyrir neðan.

### Aðgengi að næstu kynslóðar netum (e. Next Generation Access (NGA))



## SÖFNUN UPPLÝSINGA UM ÚTBREIÐSLU OG STÖÐU FJARSKIPTA

### Gagnagrunnur um fjarskiptainnvíði og landupplýsingakerfi PFS

Á árinu 2015 var, ásamt áframhaldandi þróunarvinnu við gagnagrunn um fjarskiptainnvíði, haldið áfram með greiningu gagna úr gagnagrunninum og birtingu þeirra með landupplýsingakerfi PFS. Þessi kerfi hafa m.a. nýst vel í vinnu fyrir sveitarfélög sem hyggja á uppbyggingu ljósleiðaraneta, t.d. í átaksverkefni ríkisins um ljósleiðaravæðingu Íslands. Þá hafa þessi kerfi einnig verið notuð við vinnu vegna aukinnar áherslu á öryggi fjarskiptakerfa landsins, sérstaklega er snertir viðbúnað vegna náttúruhamfara. Mikil þekkingaruppbygging hefur átt sér stað hjá stofnuninni við notkun á landupplýsingakerfi PFS og á greiningu gagna úr gagnagrunni um fjarskiptainnvíði.

### Mælingar á fjarskiptasambandi á vegakerfi landsins

Undir lok ársins hóf PFS að gera mælingar á fjarskiptakerfum landsins samkvæmt samningi við fjarskiptasjóð. Ætlunin er að mæla farnetsþjónustu á öllum vegum landsins en fyrsti áfangi miðast við þjóðvegi og tengivegi. Ætlunin er m.a. að birta upplýsingar um dekkun vegakerfisins á vef Vegagerðarinnar og á vef PFS ásamt því að greina hvar nauðsynlegt er að bæta innviðina til að tryggja samband á vegakerfinu. Annar áfangi sem bíður samþykktar fjarskiptasjóðs er á áætlun sumarið 2016 og miðast við að mæla vegi á hálendinu. Í þessu verkefni nýtist vel mælingabúnaður stofnunarinnar ásamt gagnagrunni fjarskiptainnvíða og landupplýsingakerfi PFS.

### Kortlagning fjarskiptainnvíða á Norðurlhveli

PFS tekur þátt í starfi vinnuhóps á vegum Norðurskautsráðsins (Arctic Council) þar sem unnið er að kortlagningu fjarskiptainnvíða á norðurlhveli jarðar og tillögum um úrbætur. Þetta tengist þeirri þróun sem fyrirsjáanleg er við opnun siglingaleiðarinnar um Norður-Íshafið, en ekki síður hvernig bæta má lífsskilyrði þeirra sem búa á þessum slóðum. Áætlað er að skýrslu verði skilað í byrjun árs 2017. Í þessu verkefni hefur landupplýsingakerfi PFS enn og aftur sannað gildi sitt.

## ÖRYGGI FJARSKIPTA

### Netöryggissveitin CERT-ÍS

Netöryggissveitin CERT-ÍS starfar innan Póst- og fjarskiptastofnunar skv. fjarskiptalögum og reglugerð nr. 475 frá árinu 2013. Starfssvið sveitarinnar nær til fjarskiptafyrirtækja sem reka almenn fjarskiptanet og/eða veita aðgang að Internetinu og Internetþjónustu, en ekki til almennra notenda. Hlutverk sveitarinnar er að fyrirbyggja og draga úr hættu á netárásam og öðrum öryggisatvikum í netumdæmi hennar og sporna við og lágmarka tjón af þeim sökum á ómissandi upplýsingainnvíði samfélagsins.

CERT-ÍS er einnig tengiliður íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegu samstarfi CERT netöryggissveita um viðbrögð og varnir vegna net- og upplýsingaöryggis.

Þar sem starfsmönnum CERT-ÍS fækkaði á árinu 2014 úr þremur í tvo og þar sem beðið var nauðsynlegra lagabreytinga vegna fyrirhugaðs flutnings til almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra var nauðsynlegt að forgangsraða í starfsemi sveitarinnar. Sveitin einbeitti sér því að samstarfi við fjarskiptageirann og að samstarfi við norrænar netöryggissveitir og tók m.a. þátt í samnorrænni æfingu á árinu.

Unnið var með innanríkisráðuneytinu að lagabreytingum og var ráðgert að breytingar á lögum yrðu lagðar fyrir haustþing 2015. Ekkert varð þó úr því, en eins og fram kemur í ávarpi forstjóra var horfið frá fyrnefndum áformum um flutning sveitarinnar undir lok ársins.

### Öryggi fjarskiptainnvíða

Undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á virkni/þanþol (e: resilience) fjarskiptakerfa landsins til að bregðast við mismunandi áhættuþáttum, s.s. náttúruvá, tæknilegum bilunum og ógnum af mannavöldum.

Markmið PFS er að stuðla að heildstæði kerfa, góðri virkni og þanþoli fjarskiptainnvíða Íslands, að stjórnvöld geti lagt mat á helstu ógnir sem steðja að fjarskiptakerfum einstakra félaga og fjarskipta landsins í heild sinni og að stjórnvöld séu í stakk búin að bregðast við og samræma aðgerðir með litlum fyrirvara ef vá steðjar að.

Áfram var unnið að samræmingu fjarskiptageirans vegna umbrotanna norðan Bárðarbungu með það að leiðarljósi að bregðast við afleiðingum hugsanlegs goss undir jökli. Samhliða var unnið að gerð viðbragðsáætlunar veitna en ríkislögreglustjóri vinnur þá viðbragðsáætlun í samstarfi við rekstraraðila þessara mikilvægu innviða samfélagsins.

Auk samstarfs við fjarskiptageirann og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra um samræmingu aðgerða vegna náttúruvár framkvæmdi PFS úttekt á mikilvægum tækjarýmum Milu ehf. Hér var aðeins um fyrstu úttekt stofnunarinnar á mikilvægum fjarskiptainviðum að ræða og ákveðið var að taka næsta skref á árinu 2016 með úttekt á fjarskiptasendastöðum á rýmingarsvæði Kötlu.

#### Eftirlit með ljósvakanum – truflanavakt PFS

Póst og fjarskiptastofnun fær reglulega tilkynningar um truflanir frá fjarskiptafyrirtækjum og einstaklingum. Mikil aukning hefur orðið á tilkynntum truflunum á síðustu árum og á árinu 2015 fékk stofnunin tilkynningar um 82 truflanir. Orsakir þessa má rekja til nokkurra þátta:

1. Aukins innflutnings almennings á tækjum gegnum netið (oft tæki sem ekki eru CE merkt)
2. Aukinnar notkunar á tíðnisviðum sem ekki hafa verið í notkun á Íslandi (oft tíðnisvið sem notuð eru fyrir aðra þjónustu í Ameríku og Asíu)
3. Aukinnar meðvitundar fjarskiptafélaganna á þekkingu og búnaði PFS varðandi truflanir og truflanaleit

PFS hefur á undanförunum árum lagt áherslu á að endurnýja tækjabúnað sinn til greininga á truflunum, fyrirbyggjandi aðgerða gegn þeim og til þess að geta haft yfirsýn yfir stöðuna (hvað er í loftinu hverju sinni).

Aukninguna sem orðið hefur í tilkynntum truflunum síðustu ár má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

#### Fjöldi truflana árin 2013 – 2015

2013	2014	2015
30	53	82

Fjarskiptalög eru afdráttarlaus um það að PFS skuli koma í veg fyrir rafsegultruflanir (radiótruflanir), staðsetja þær, hindra notkun tækja sem trufla radiófjarskipti, starfrækja gagnagrunn til að finna og koma í veg fyrir skaðlegar truflanir o.s.frv. Hér er með öðrum orðum um hluta af kjarnastarfsemi stofnunarinnar að ræða. PFS hefur brugðist við þessari aukningu tilkynninga á truflunum með breytingum í skipulagi sínu, vitundarvakningu á þeim reglum sem gilda um innflutning fjarskiptabúnaðar til landsins, auk þess að koma með tillögur til úrbóta sem sendar hafa verið innanríkisráðuneytinu.



Öll fjarskiptatæki sem flutt eru til landsins eiga að bera CE merkingu

# PÓSTMÁL

Árið var nokkuð viðburðaríkt þegar litið er til póstmála og voru nokkur viðamikil mál til lykta leidd á árinu. Þar er helst að nefna að lokið var yfirferð stofnunarinnar á bókhaldslegum aðskilnaði Íslandspósts (hér eftir ÍSP) á ABC líkani fyrirtækisins og breytingar urðu á framkvæmd gjaldskráreftirlits stofnunarinnar. Jafnframt hafnaði PFS aðferðarfræði og niðurstöðu ÍSP um alþjónustukostnað fyrirtækisins og undir lok ársins var ÍSP gefin heimild til að fækka útburðardögum í dreifbýli, svo eitthvað sé nefnt.

Íslandspóstur er eina póstpjónustufyrirtækið hér á landi sem hefur alþjónustuskyldur og fer með einkarétt ríkisins á bréf- um 0 – 50 gr. Önnur skráð póstfyrirtæki eru Póstdreifing ehf. sem hefur rekstrarleyfi og fjögur fyrirtæki með almenna heimild, þ.e. Burðargjöld ehf., Kröfumiðlun ehf., Póstmarkaðurinn ehf. og Prentsmiðjan Oddi ehf.


## BÓKHALDSLEGUR AÐSKILNAÐUR

Með yfirliti sem birt var þann 30. júní 2015 vegna bókhaldslegs aðskilnaðar ÍSP á grundvelli ABC kostnaðarlíkans staðfesti Póst- og fjarskiptastofnun réttmæti bókhaldslegs aðskilnaðar ÍSP á árinu 2011, þ.e. að rekstrar- og fjárfestingarkostnaður ÍSP hafi verið staðfærður með viðurkenndum hætti í kostnaðarbókhaldi félagsins. Með yfirlýsingunni lauk skoðun stofnunarinnar á bókhaldslegum aðskilnaði fyrirtækisins samkvæmt ABC líkani ÍSP, sbr. ákvörðun PFS nr. 18/2013. ÍSP hafði í kjölfar þeirrar ákvörðunar farið út í smíði svokallaðs LRAIC líkans, m.a. til að innleiða þau fyrirmæli um úrbætur sem fram komu í ákvörðuninni. Segja má að ákveðið millibilsástand hafi ríkt meðan lokið var yfirferð og staðfestingu PFS á bókhaldi félagsins samkvæmt hinu eldra ABC líkani félagsins. Samhliða því var unnið að yfirferð og skoðun á hinu nýja LRAIC líkani ÍSP. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem koma fram í LRAIC líkani ÍSP taldi stofnunin að fullnægjandi upplýsingar lægju nú fyrir um að forsendur hefðu verið fyrir a.m.k. 300 millj. kr. leiðréttingarfærslum frá samkeppnisrekstri yfir á einkarétt á árinu 2011 vegna mats á alþjónustubyrði í kostnaðarlíkani (ABC líkani) félagsins, en stofnunin hafði gert athugasemdir við þessar millifærslur í ákvörðun sinni nr. 18/2013.

## GJALDSKRÁ INNAN EINKARÉTTAR

Gjaldskrá ÍSP, innan einkaréttar byggir á kostnaðarbókhaldi ÍSP, en PFS ber að samþykkja þá aðferðarfræði sem viðhöfð er við færslu þess. Á árinu varð sú grundvallar-breyting að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála komst að þeirri niðurstöðu, og breytti þar með fyrri framkvæmd, að PFS hefði aðeins heimild til að samþykkja eða hafna þeim erindum sem bærust frá ÍSP um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar. Þetta þýðir t.d. að ekki er lengur heimilt að samþykkja erindi um gjaldskrárbreytingar að hluta, þ.e. eins og gögn málsins gefa tilefni til. Þessi niðurstaða nefndarinnar kallaði á breytingar á málsmeðferð stofnunarinnar, sbr. ákvarðanir PFS nr. 26/2015 og 27/2015.

Gjaldskrá innan einkaréttar hefur hækkað umtalsvert frá árinu 2007. Það sem einkum skýrir þessa miklu hækkun er fækkun bréfa sem falla innan einkaréttar, en frá árinu 2007 til loka ársins 2015 hefur fækkunin verið um 48%. Hliðstæð þróun hefur verið í þeim löndum sem við helst berum okkur saman við. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá samanburð við sambærilegar gjaldskrár á Norðurlöndunum. Miðað er við jafnvirðisígildi, svokallað PPP í Bandaríkjunum, en jafnvirðisígildi sýnir hve mikið þarf til að kaupa sama magn vöru og þjónustu í einstökum löndum.



Heimild Póst- og fjarskiptastofnun/Teligen

## ALÞJÓNUSTUKOSTNAÐUR

Á árinu tók PFS ákvörðun nr. 17/2015 þar sem hafnað var forsendum og útreikningum ÍSP á kostnaði fyrirtækisins sem sérstaklega er hægt að rekja til þeirrar skyldu sem hvílir á fyrirtækinu á grundvelli alþjónustu. Það var niðurstaða PFS að ÍSP hefði ekki tekist að sýna fram á að sú fjárhæð sem félagið hafði reiknað út að væri fjárhagsleg byrði vegna alþjónustuskuldna ætti óskipt að tilheyra kostnaðargrunni einkaréttar og endurspeglast þannig í gjaldskrá félagsins.

Útreikningar félagsins voru byggðir á LRAIC líkani félagsins, sem fyrirtækið tók í notkun á árinu 2013. Ákvörðunin var kærð til úrskurðarnefndar sem ekki hefur kveðið upp sinn úrskurð.

## FÆKKUN ÚTBURÐARDAGA Í DREIFBÝLI

Innanríkisráðuneytið gerði á árinu breytingar á reglugerð nr. 364/2003, um alþjónustu, með reglugerð nr. 868/2015. Breytingin fólst m.a. í því að sett voru ákveðin kostnaðarviðmið um hvað gæti talist eðlilegur kostnaður við dreifingu í dreifibýli. Miðað var við að heimilt væri að fækka dreifingardögum í dreifibýli ef kostnaður væri þrefalt meiri en samskonar kostnaður í þéttbýli. Breytingin kom til viðbótar við fyrri heimildir í reglugerðinni um fækkun dreifingardaga vegna kringumstæðna eða landfræðilegra aðstæðna. ÍSP sótti um undanþágur frá meginreglunni um dreifingu alla virka daga á grundvelli þessarar nýju heimildar og lauk málinu með ákvörðun PFS nr. 34/2015 þar sem ÍSP er heimilað að fækka dreifingardögum í dreifibýli í annan hvern virkan dag á grundvelli áður nefndra kostnaðarviðmiða.

Útreikningar félagsins sýndu fram á að kostnaður félagsins í dreifibýli væri yfir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í reglugerðinni, en kostnaðurinn var 69.902 kr. á ársgrundvelli að meðaltali á hvert heimilisfang. Með þessum breytingum mun svokallaður alþjónustukostnaður ÍSP lækka um 200 millj. kr. á ársgrundvelli.

Gert var ráð fyrir að breytingin hefði áhrif á um 15% af öllum pósti innan einkaréttar, þ.e. eingöngu A-póst. Breytingarnar höfðu hins vegar engin áhrif á B-póst, en um 70% af öllum pósti innan einkaréttar er nú B-póstur. Ákvörðunin þýðir að pósti er nú dreift á mánudegi, miðvikudegi og föstudegi aðra vikuna og á þriðjudögum og fimmtudögum hina vikuna, til skiptis.

Eftir breytingarnar er útburðartíðni á landinu öllu nú með eftirfarandi hætti:

Þjónustustig	Fjöldi heimilisfanga	Hlutfall
Alla virka daga	128.599	94,86%
Annan hvern virkan dag	6.931	5,11%
Tveir dagar í viku	43	0,03%
Alls	135.573	100%

## LOKUN AFGREIÐSLUSTAÐA

Af hálfu ÍSP var áfram unnið að hagræðingu í afgreiðsluneti fyrirtækisins, en aðgangur að afgreiðslustað er einn af þeim þáttum sem fellur undir alþjónustu. PFS samþykkti lokun á afgreiðslustöðum á þremur stöðum á landinu. Í stað þeirra er íbúum boðið upp á þjónustu með póstbil á ákveðnum tímum. Einnig er mögulegt að hringja og panta þjónustu heim á ákveðnum tímum. Þeir staðir þar sem hið nýja fyrirkomulag var tekið upp á árinu voru Tálknafjörður, Vík og Kirkjubæjarklaustur. Þar með er fjöldi hefðbundinna afgreiðslustaða kominn niður í 62 á landinu öllu. Þar sem ekki er rekinn afgreiðslustaður er þjónustu mætt af hálfu ÍSP með hefðbundinni landpóstþjónustu eða með rekstri pósthúls sem hægt er að nálgast á nokkrum minni þéttbýlisstöðum.

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR TIL SÖFNUNARAÐILA

Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2249/2014 var felldur úr gildi úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2013, þar sem nefndin hafði staðfest ákvörðun PFS nr. 14/2013 um fjárhæð viðbótarafsláttar til söfnunaraðila.

Umræddur viðbótarafsláttur er ennþá í skilmálum ÍSP og veittur til þeirra aðila sem uppfylla þau skilyrði sem um hann gilda. Af dómi héraðsdóms og þeim úrskurðum sem gengið hafa nýlega má draga þá ályktun að það er ÍSP, að hafa frumkvæði að því að breyta umræddum afslætti eða afsláttarkjörum almennt. Hagsmunaaðilar gætu síðan kvartað til PFS yfir þeim breytingum sem ÍSP kann mögulega að gera, sbr. 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.

Ekki liggur fyrir hvort, eða hvaða, breytingar ÍSP hyggst gera á þeim afsláttarkjörum sem í gildi eru í dag.

# NEYTENDAMÁL

Eitt helsta hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að gæta hagsmuna neytenda á fjarskipta- og póstmörkuðum og stuðla að vernd þeirra í viðskiptum við fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur. Neytendur standa frammi fyrir margvíslegum og flóknum valkostum, ekki síst á fjarskiptamarkaði, bæði hvað varðar val og fyrirkomulag á tækjum og tengingum og ekki síður val á þjónustuaðilum. Stofnunin birtir upplýsingar fyrir neytendur, kemur að ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs og vinnur að því að tryggja viðhald og öryggi í almennum fjarskiptanetum.

Helsta verkfæri stofnunarinnar til upplýsingagjafar er vefur hennar, [www.pfs.is](http://www.pfs.is) þar sem sérstakt vefsvæði er helgað neytendum. Einnig geta neytendur sent stofnuninni erindi og kvartanir ef þeir telja á sér brotið hvað varðar lög og reglur um fjarskipti eða póst. Slíkar kvartanir skipta hundruðum á ári hverju þó aðeins hluti þeirra endi í formlegu kvörtunarferli.

## ÓUMBEÐIN FJARSKIPTI – BREYTT VERKLAG OG ÚTGÁFA LEIÐBEININGA


Í janúar greindi PFS frá því að á undanförunum árum hafi orðið mikil fjölgun í kvörtunum er varða óumbeðin fjarskipti aðila sem stunda markaðsstarf sitt með útsendingu tölvupósta, smáskilaboða eða í formi símhringinga. Samantekt stofnunarinnar á fjölda slíkra kvörtunarmála leiddi í ljós að 59% aukning var á slíkum kvörtunum á milli árunna 2011 og 2014, 155% aukning milli árunna 2012 og 2014 og 38% aukning á milli árunna 2013 og 2014.

Með það að leiðarljósi að auka fræðslu og upplýsingagjöf um ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003 sem fjallar um óumbeðin fjarskipti, gaf stofnunin út leiðbeiningar þar sem farið er yfir hvað telst til óumbeðinna fjarskipta, hvað geti talist vera markaðssetning og hvað bannmerking í símaskrá þýðir. Þá tilkynnti stofnunin jafnframt að hún hygðist breyta verklagi sínu hvað þennan málaflokk varðar með þeim hætti að mál yrðu ekki tekin til formlegrar ákvörðunartöku nema að brot aðila væri ítrekað eða að uppi væri ágreiningur um eðli hinna óumbeðnu fjarskipta. Væri slíkt ekki til staðar hygðist stofnunin senda þeim aðila sem stendur að baki markaðssetningunni framangreindar leiðbeiningar. Með þessu nýja verklagi telur stofnunin að unnið sé mikilvægt fræðslustarf til að koma í veg fyrir að aðilar gerist endurtekið brotlegir við ákvæði fjarskiptalaga og þar með sé neytendavernd aukin til muna.

## ÚTTEKT Á AFGREIÐSLUTÍMA NÚMERAFLUTNINGSBEIÐNA

Á árinu gerði Póst- og fjarskiptastofnun úttekt á því hvort beiðnir um þjónustuf lutning símanúmera væru afgreiddar innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. reglna nr. 617/2010 um númera- og þjónustuf lutning. Einnig var horft til þess hvort synjanir um númera- og þjónustuf lutning væru í samræmi við 8. gr. fyrrnefndra reglna. Var úttektin byggð á gögnum sem stofnunin óskaði eftir frá Hinu íslenska númerafélagi (HÍN) um afgreiðslu flutningsbeiðna á tveggja vikna tímabili. Meginniðurstaða úttektarinnar var að rafrænt afgreiðsluferli HÍN væri skilvirkt og að númera- og þjónustuf lutningur væri afgreiddur innan sólarhrings í 98% tilvika. Stefnt er að því að úttekt sem þessi verði framkvæmd reglulega.

# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN ÁRIÐ 2015



## Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar er Hrafnkell V. Gíslason

**Framkvæmdastjórn** er skipuð forstjóra og forstöðumönnum deilda.

Starfsmenn PFS á árinu 2015 voru alls tuttugu og fjórir.

**Greiningardeild** ber ábyrgð á markaðsgreiningum og álagningu og eftirfylgni fjárhagslegra kvaða fjarskiptafyrirtækja sem útnefnd hafa verið með umtalsverðan markaðsstyrk í framhaldi af því, þ.m.t. kostnaðargreiningum og bókhaldslegum aðskilnaði.

Deildin safnar upplýsingum um verðlagningu og tölfræði og er ábyrg fyrir úrvinnslu og birtingu slíkra upplýsinga. Greiningardeild sinnir einnig ýmsum fjárhagslegum greiningum á póst- og fjarskiptamarkaði. Starfsmenn á árinu 2015 voru Óskar Þórðarson forstöðumaður og sérfræðingarnir Guðmann Bragi Birgisson, Hulda Ástþórsdóttir og Snorri Þór Daðason.

**Lögfræðideild** ber ábyrgð á vinnslu stjórnsýsluerinda, lausn deilumála, álagningu og eftirfylgni kvaða sem ekki eru fjárhagslegar, alþjónustu og neytendamálum. Jafnframt sér deildin um formleg alþjóðleg samskipti. Starfsmenn á árinu 2015 voru Björn Geirsson forstöðumaður sem einnig gegnir hlutverki staðgengils forstjóra þegar við á, lögfræðingarnir Friðrik Pétursson, Guðmunda Á. Geirsdóttir, Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir, Maríjon Ósk Nóadóttir og Óskar Hafliði Ragnarsson, sem einnig er hópstjóri faglegs teymis um markaðsgreiningar. Auk fastra starfsmanna var lögfræðinemin Arnar Stefánsson fenginn í tímabundið verkefni innan deildarinnar.

**Tæknideild** sér um skipulag og stjórnun tíðnimála og sinnir eftirliti með notkun ljósvakans. Hún hefur markaðseftirlit með fjarskiptatækjum, sinnir net- og upplýsingaöryggi, sér um söfnun og skráningu upplýsinga um fjarskiptainnviði ásamt landupplýsingavinnslu og sér um skoðun radióbúnaðar um borð í skipum. Tæknideild er einnig öðrum deildum til ráðgjafar varðandi tæknileg álitamál sem geta haft áhrif á eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2015 voru Þorleifur Jónasson forstöðumaður, Bjarni Sigurðsson sérfræðingur á sviði númeramála, tíðnimála og uppbyggingar og virkni fjarskiptaneta, Hörður R. Harðarson sérfræðingur um tíðnimál, Jósef Kristjánsson kerfisstjóri og skipaskoðunarmaður, Lilja Bjargey Magnúsdóttir sérfræðingur á sviði korta- og landupplýsinga og Óskar Sæmundsson skipaskoðunarmaður. Starfsmenn netöryggissveitarinnar CERT-ÍS sem heyrir undir tæknideild voru Stefán Snorri Stefánsson, hópstjóri CERT-ÍS og Kristján Valur Jónsson sérfræðingur.


**Rekstrardeild** sér um rekstrarmál, upplýsingakerfi, mannaúsmál, gæða- og skjalamál og kynningarmál og styður allt innra starf stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2015 voru Sigríður Björk Gunnarsdóttir forstöðumaður, Anna Margrét Sigurðardóttir kynningarfulltrúi, Erla Linda Benediksdóttir móttökuritari, Ingibjörg Sivertsen bókari og Sigrún Davíðs skjalastjóri.

**Tvö fagteymi** voru starfandi innan PFS á árinu; teymi um markaðsgreiningar og netöryggissveitin CERT-ÍS.



## STARFSEMI PFS OG FJÖLDI MÁLA Í MÁLASKRÁ

Á árinu 2015 voru skráð 1.175 mál í málaskrá Póst- og fjarskiptastofnunar. Þetta er svipaður fjöldi og undanfarin ár, eins og sést á súluritinu hér fyrir neðan. Mál sem skráð eru í málaskrá eru af mjög margvíslegum toga, allt frá innsendum kvörtunum frá neytendum og kvörtunum vegna truflana, til frumkvæðismála stofnunarinnar sjálfrar, auk mála sem tilheyra reglulegum störfum starfsmanna svo sem markaðs- og kostnaðargreiningar, úthlutanir tíðna, útgáfa leyfisbréfa og skoðanir á fjarskiptabúnaði í skipum svo eitthvað sé nefnt.





## STARFSEMI PFS Í TÖLUM ÁRIÐ 2015

### Tíðnum úthlutað

Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar.....	40
Fastasambönd (fj. linka) .....	95
Farstöðvarkerfi á VHF og UHF .....	60
MF og HF.....	2
Skammtímahljóðvarp.....	55
Önnur tímabundin leyfi f. innl. aðila.....	50
Tímab. leyfi fyrir útlendinga .....	50

### Númerum úthlutað

Fjöldi úthlutaðra númera.....	2.753.440
-------------------------------	-----------

### Kvartanir vegna truflana

Kvartanir vegna truflana.....	82
-------------------------------	----

### Útgáfa leyfisbréfa fyrir radiótæki

Flugvélar.....	83
Skip .....	434
Landfarstöðvar á metrabylgju - VHF.....	237
Landfarstöðvar á desimetrabylgju -UHF.....	4
Landfarstöðvar á millibylgju MF.....	1
Handstöðvar á metrabylgju VHF.....	339
Handstöðvar á desimetrabylgju .....	122
Landmóðurstöðvar á metrabylgju.....	1
Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju .....	0
Neyðarboðtæki (PLB).....	18

### Útgáfa skirteina fyrir notendur

Fjarskiptaskirteini, skip (GOG).....	104
Fjarskiptaskirteini, skip (ROC) .....	42
Amatörar, innlendir .....	18
Amatörar, erlendir.....	3
Amatörar, ýmislegt .....	15

### Úthlutun einkennisnúmera

Númer fyrir skip.....	200
-----------------------	-----

### Skoðanir á bátum og skipum - skipting eftir landssvæðum

Reykjavík .....	36
Norðvesturkjördæmi.....	40
Norðausturkjördæmi .....	38
Suðurkjördæmi.....	58
Suðvesturkjördæmi.....	24
Skip skráð erlendis .....	27
Skip skoðuð erlendis.....	7

### Radióbúnaðarskoðun í skipum og opnum vélbátum

Bátar styttri en 24 m. Skoðaðir af skoðunarstofum og Siglingastofnun Íslands.....	1.305
Bátar lengri en 24. m. og skip .....	220
Skemmtibátar skoðaðir af eigendum.....	71

### Skráðar landstöðvar

#### Fastastöðvar

Metrabylgjustöðvar (VHF) .....	374
Desimetrabylgjustöðvar (UHF) .....	53
Millibylgjustöðvar (MF-SSB) .....	23
Boðtæki.....	21

#### Farstöðvar í bifreiðum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB) .....	439
Metrabylgjustöðvar (VHF) .....	6.105
Desimetrabylgjustöðvar (UHF).....	113

#### Handstöðvar og merkjasendar

Metrabylgjustöðvar (VHF).....	5.990
Desimetrabylgjustöðvar (UHF).....	1.295
Merkjasendar (vitar) .....	44
PLB neyðarbaujur (406 MHz).....	39
Ýmis búnaður.....	150

### Stöðvar í skipum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB) .....	18
Milli- og stuttbylgjustöðvar (Combined MF/HF) .....	197
Metrabylgjustöðvar (VHF).....	3.077
Neyðartalstöðvar .....	570
Radarsvarar (UHF) .....	227
Navtex (LF) .....	223
Neyðarbaujur, frífljótandi (406 MHz) .....	331
Neyðarbaujur í björgunarbátum og inni (406 MHz).....	2.457
Inmarsat B.....	2
Inmarsat C.....	227
Inmarsat M .....	8
AIS (Sjálfvirkt auðkenniskerfi).....	1.769

# ÁKVARÐANIR OG ÚRSKURÐIR

Árið 2015 tók Póst- og fjarskiptastofnun 37 formlegar stjórnvaldsákvörðanir. Tuttugu og sjö þeirra vörðuðu fjarskiptamál, ein ákvörðun var vegna ágreiningsmáls um dreifingu á fjölmiðlaefni, og níu vörðuðu póstmál. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála kvað upp úrskurði í fimm málum þar sem ákvörðanir PFS höfðu verið kærðar til nefndarinnar.

## LEITARVÉL FYRIR ÚRLAUSNIR Í PÓST- OG FJARSKIPTAMÁLUM Á VEF PFS

Á síðasta ári fór fjöldi formlegra stjórnvaldsákvörðana sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur tekið frá upphafi starfsemi sinnar yfir 300 talsins. Þegar fjöldi ákvörðana er orðinn svo mikill, auk þess að spanna yfir langt tímabil, er ljóst að erfitt getur verið að hafa yfirsýn yfir þessar ákvörðanir. Fyrir stjórnslustofnun er mikilvægt að hafa slíka yfirsýn, enda eru ákvörðanir hennar réttarskýrandi og fordæmisgefandi, auk þess sem stofnunin þarf að gæta að samkvæmni í stjórnsluframkvæmd sinni. Til að auðvelda yfirsýn og bæta aðgengi ytri aðila að upplýsingum um stjórnsluframkvæmd PFS var ákveðið að setja upp leitarvél yfir úrlausnir á sviði fjarskipta- og póstmála á vef stofnunarinnar.

Til að tryggja réttleika í leitarniðurstöðum var ákveðið að flokka og greina ákvörðanir Póst- og fjarskiptastofnunar, setja þær upp í sérstakan gagnagrunn og tengja þær tilteknum leitarskýrðum. Hið sama var gert við úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, en á þeim tíma var fjöldi úrskurða að nálgast 100 talsins. Til þessa verks var fenginn Arnar Stefánsson, laganemi, sem vann þessa vinnu af mikilli nákvæmni og útsjónarsemi. Í leitarvélinni er hægt leita eftir úrlausnum eftir málaflokkum, bæði á sviði fjarskipta- og póstmála. Enn fremur er hægt að leita eftir einstökum lagagreinum, bæði í póst- og fjarskiptalögum. Þá býður leitarvél einnig upp á almenna textaleit í reifunum ákvörðananna. Unnið er að því að setja þá dóma sem hafa fallið í framhaldi af úrlausnum stofnunarinnar og úrskurðarnefndar einnig inn í leitarvélina. Þar með er mögulegt að skoða allan feril einstakra stjórnslumála sem hafa fengið meðferð hjá stofnuninni.

Póst- og fjarskiptastofnun telur leitarvélina vera mikið framfaraspor og vonar að hún nýtist sérfræðingum sem starfa á fjarskipta- og póstmárkaði og öðrum þeim sem leita þurfa í því efni sem þar er að finna.

## ÁKVARÐANIR PFS 2015

### Beiting vanefndaúrræða af hálfu Vodafone

#### Ákvörðun nr. 1/2015 – 12. febrúar 2015

Leyst úr ágreiningi milli áskrifanda og rétthafa símanúmers og þjónustuaðila hans (Vodafone) vegna lokana á símanúmeri rétthafans.

### Erindi Íslandspósts um hækkun á gjaldskrá á bréfum innan einkaréttar

#### Ákvörðun nr. 2/2015 – 20. febrúar 2015

PFS hafnaði beiðni Íslandspósts um 17% hækkun gjaldskrár fyrir bréf innan einkaréttar (0 – 50 gr.). Taldi stofnunin að tilgreindar forsendur Íslandspósts fyrir verðhækkuninni væru ekki að öllu leyti fyrir hendi til að stofnunin gæti samþykkt hækkunarbeiðni félagsins óbreytta. Hins vegar mat PFS það svo að svigrúm væri til hækkunar á gjaldskrá innan einkaréttar um allt að 8%, miðað við fyrirbyggjandi gögn frá Íslandspósti um fækkun bréfasendinga og kostnaðarhækkunar. Íslandspósti væri heimilt að leggja fyrir stofnunina gjaldskrá til samþykktar miðað við þessar forsendur. Nýti Íslandspóstur þetta svigrúm sitt til hækkunar að fullu þá verða burðargjöld hér á landi fyrir póst innan einkaréttar í meðallagi miðað við það sem gerist á Norðurlöndunum.

### Um lokun póstafréiðslu í Vík

#### Ákvörðun nr. 3/2015 – 20. febrúar 2015

Íslandspósti ohf. veitt heimild til að loka póstafréiðslu í Vík (póstnúmer 870)

### Um lokun póstafréiðslu á Kirkjubæjarklaustri

#### Ákvörðun nr. 4/2015 – 20. febrúar 2015

Íslandspósti ohf. veitt heimild til að loka póstafréiðslu á Kirkjubæjarklaustri (póstnúmer 880)

### Um endurgreiðslu númeragjalda

#### Ákvörðun nr. 5/2015 – 9. mars 2015

Miðlun ehf. krafðist endurgreiðslu númeragjalda vegna forsendubrests. PFS hafnaði kröfunni.

### Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Fjarskipta hf.

#### Ákvörðun nr. 6/2015 – 17. mars 2015

Í ákvörðuninni kemst PFS að þeirri niðurstöðu að Fjarskipti hf. hafi brotið gegn ákvæði 3. mgr. 46. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti (fjarskiptalög) þegar það sendi

tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á netfang kvartanda með því að hafa ekki aflað fyrirfram samþykkis fyrir tölvupóstsendingunni, upplýsa kvartanda ekki um fyrirhugaða notkun tölvupóstfangsins við skráningu þess og veita kvartanda ekki tækifæri til að andmæla notkun tölvupóstfangs hans fyrir beina markaðssetningu í tölvupóstsendingu félagsins. Fyrirtækið var ekki talið brotlegt gegn ákvæði 4. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga þegar það sendi tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á netfang með því að undirrita tölvupóstsendinguna „Vodafone á Íslandi“ í stað skráðs nafns félagsins í fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

#### **Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta af hálfu Lifandi Vísinda**

##### **Ákvörðun nr. 7/2015 – 19. mars 2015**

PFS komst að þeirri niðurstöðu að útgáfufélagið Lifandi Vísindi hafi brotið gegn 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga með því hafa samband við kvartanda símleiðis.

#### **Umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði**

##### **Ákvörðun nr. 8/2015 – 27. mars 2015**

Umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2015 að upphæð kr. kr. 58.980.000 samþykkt.

#### **Um lokun póstafrgreiðslu á Tálknafirði**

##### **Ákvörðun nr. 9/2015 – 27. apríl 2015**

Íslandspósti ohf. veitt heimild til að loka póstafrgreiðslu á Tálknafirði (póstnúmer 460)

#### **Kostnaðargreining Símans hf. á heildsöluverðum fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki**

##### **Ákvörðun nr. 10/2015 – 1. júní 2015**

Með ákvörðuninni er kostnaðargreining Símans hf. á heildsöluverðum fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki samþykkt með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni. Kostnaðargreining Símans fyrir aðgang að talsímaneti félagsins byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun PFS nr. 8/2013.

#### **Kvörtun Mílu um ljósleiðaralagningu Gagnaveitu Reykjavíkur í Ölfusi**

##### **Ákvörðun nr. 11/2015 – 2. júní 2015**

Kvörtun Mílu var tvíþætt: Annars vegar að GR hefði brotið gegn 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga með því að kveða á um bindingu til 24 mánaða í svonefndri skuldbindandi yfirlýsingu félagsins til íbúa sveitarfélagsins. Hins vegar taldi Míla að fyrirkomulag fjármögnunar sveitarfélagsins til GR bryti í bága við 1. mgr. 36. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, um aðskilnað sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi.

Varðandi fyrra atriðið komst PFS að þeirri niðurstöðu að orðalag skuldbindandi yfirlýsingar GR fæli ótvírætt í sér skuldbindingu af hálfu notenda um að kaupa þjónustu um ljósleiðarann í að lágmarki 24 mánuði. Að mati PFS felur slíkt í sér hindrun gagnvart notendum varðandi það að kaupa tengingu af samkeppnisaðilum GR. Varðandi seinna umkvörtunarefnið komst PFS að þeirri niðurstöðu að þátttaka OR og GR í fjármögnun ljósleiðarauppbyggingar á vegum sveitarfélagsins Ölfuss (SÖ) hafi brotið gegn 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga, um aðskilnað sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi.

#### **Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Allianz Íslands hf. Ákvörðun nr. 12/2015 – 25. júní 2015**

PFS taldi Allianz Ísland hf. ekki hafa brotið gegn ákvæði 5. mgr. 46. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, þegar Miðlun ehf. hringdi fyrir hönd félagsins í kvartanda. Tilgangur símtals af hálfu Allianz Íslands hf. telst ekki hafa verið liður í markaðssetningu í skilningi ákvæðisins.

#### **Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Sjálfstæðisflokksins**

##### **Ákvörðun nr. 13/2015 um – 25. júní 2015**

PFS barst kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta af hálfu Sjálfstæðisflokksins, í formi smáskilaboða (SMS sendinga) og símtals en kvartandi er bannmerktur í símaskrá. Kvörtunarefnin vörðuðu því tvenns konar óumbeðin fjarskipti, þ.e. smáskilaboð og símtal, sem heyra undir mismunandi málsgreinar 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 (fjarskiptalög).

Í ákvörðuninni komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að flokkurinn hafi brotið gegn ákvæði 1. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga með sendingu smáskilaboða til kvartanda. Þá var bannmerking í símaskrá virt að vettugi og flokkurinn hafi þar með brotið gegn 5. mgr. 46. gr. sömu laga.

#### **Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Nóbél námsbúða ehf.**

##### **Ákvörðun nr. 14/2015 – 25. júní 2015**

Með ákvörðuninni komst PFS að þeirri niðurstöðu að tölvupóstur sem sendir voru af Nóbél námsbúðum ehf. í markaðslegum tilgangi á tölvupóstfang kvartanda án fyrirfram samþykkis hans hafi brotið gegn ákvæði 1. mgr. 46. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti.

#### **Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta af hálfu DV ehf. Ákvörðun nr. 15/2015 – 25. júní 2015**

Með ákvörðuninni komst PFS að þeirri niðurstöðu að DV ehf. hafi brotið gegn 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga með því hafa samband við kvartanda símleiðis þrátt fyrir bannmerkingu í símaskrá.

**Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Heimkaupa ehf. Ákvörðun nr. 16/2015 – 25. júní 2015**

Með ákvörðuninni komst PFS að þeirri niðurstöðu að Heimkaup ehf. hafi brotið gegn ákvæði 1. mgr. 46. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, þegar félagið sendi tölvupósta í markaðslegum tilgangi á tölvupóstfang kvartanda án þess að hafa aflað fyrirfram samþykkis hans.

**Um forsendur og niðurstöðu Íslandspósts ohf. á fjárhagslegri byrði vegna alþjónustuskuldna Ákvörðun nr. 17/2015 – 13. júlí 2015**

Í ákvörðuninni er fjallað um forsendur og niðurstöðu Íslandspósts ohf. á fjárhagslegri byrði vegna alþjónustuskuldna samkvæmt nýju LRAIC+ kostnaðarlíkani fyrir-tækisins. Með bréfi skilaði Íslandspóstur inn útreikningum um alþjónustukostnað félagsins og útlistaði þær breytingar sem fyrirtækið hygðist gera á þjónustu ef engin væri alþjónustuskuldán, og áhrif þeirra á kostnað fyrirtækisins. Breytingarnar lutu einkum að eftirfarandi aðgerðum:

- Breytingar á landpóstadreifingu í dreifbýli
- Breytingar á fyrirkomulagi afgreiðslustaða
- Breytingar á almennri dreifingu fyrirtækisins

Í ákvörðun stofnunarinnar er m.a. að finna umfjöllun um trúverðugleika viðskiptastefnu félagsins, án alþjónustuskuldna, forsendur og útreikninga Íslandspósts í tengslum við breytingar á landpóstþjónustu félagsins og að ólíklegt væri að hún myndi ekki hafa áhrif á tekjur félagsins. Jafnframt benti stofnunin á það samspil sem hún telur að sé á milli landpósta og afgreiðslustaða og mikilvægi landsdekkandi og heildstæðs dreifikerfis. Taldi stofnunin miðað við þær tekjur sem fyrirtækið hafi af þjónustu við þá er njóta þjónustu landpósta að gera megi ráð fyrir að hagkvæmt geti verið að dreifa póstsendingum einu sinni til þrisvar viku í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Einnig hafnaði PFS í grundvallaratriðum þeim forsendum og útreikningum félagsins að dreifing alla virka daga sé alls staðar alþjónustubyrði á félaginu.

**Um gjaldskrá og skilmála Mílu ehf. fyrir fyrir ADSL+ og SHDSL+ tengingar á aðgangsléið 1**

**Ákvörðun nr. 18/2015 – 14. júlí 2015**

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) samþykkti verð og skilmála Mílu ehf. fyrir ADSL+ og SHDSL+ tengingar á aðgangsléið 1.

**Um heildsölugjaldskrá fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 2 og 3)**

**Ákvörðun nr. 19/2015 – 30. júlí 2015**

Í ákvörðuninni er mælt fyrir um að niðurstaða verðsamanburðar sem stofnunin hefur framkvæmt verði

grundvöllur hámarksverða fyrir upphaf og lúkningu símtala. Samkvæmt ákvörðuninni skal heildsölugjald fyrir upphaf símtala í föstu talsímaneti Símans vera að hámarki 0,56 kr./mín. Þá skal heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum vera 0,16 kr./mín. og skal það verð gilda sem hámarksverð hjá Símanum, Vodafone, Nova, Símafélaginu og Hringdu. Um var að ræða töluverða lækkun frá áður gildandi heildsöluverðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum en þau voru 0,63 kr. á mínútu auk 0,62 kr. tengigjalds fyrir hvert símtal. Hin nýju heildsöluverð tóku gildi frá og með 1. janúar 2016.

**Um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsöluverkum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7)**

**Ákvörðun nr. 20/2015 – 31. júlí 2015**

Með ákvörðun sinni útnefndi PFS Símann hf., Fjarskipti hf. (Vodafone), Nova ehf., IMC Ísland ehf. (Altern) og 365 miðla ehf. sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir lúkningu símtala í GSM/2G, UMTS/3G, LTE/4G og sýndarnetum umræddra aðila og lagði viðeigandi kvaðir á þá.

**Um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsöluverðum fyrir stofnlínuhluta leigulína (fyrrum markaður 14)**

**Ákvörðun nr. 21/2015 – 12. ágúst 2015**

Að lokinni markaðsgreiningu komst PFS að þeirri niðurstöðu að Míla eitt fyrirtækja skyldi útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsöluverðum fyrir stofnlínuhluta leigulína þar sem Síminn starfaði ekki lengur á viðkomandi markaði eftir sátt Símasamstæðunnar og Samkeppniseftirlitsins frá 2013. Áður höfðu bæði Síminn og Míla verið útnefnd á þessum markaði með umtalsverðan markaðsstyrk. Kvöðum var viðhaldið á Mílu til að stuðla að virkri samkeppni á hinum ýmsu undirmörkuðum fjarskipta sem treysta á aðgang að hinu landsdekkandi stofnleigulínakerfi Mílu í starfsemi sinni.

**Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir stofnlínuhluta leigulína**

**Ákvörðun nr. 22/2015 – 12. ágúst 2015**

PFS samþykkti breytingar á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir aðgang að leigulínum sem fólu í sér lækkun á mánaðarverðum, mesta lækkunin var á stærri samböndum. Ákvörðunin fól einnig í sér samræmingu á stofngjöldum (um 96 þús. kr.) fyrir alla gagnaflutningshraða í samræmi við endurskoðað mat á kostnaði vegna uppsetninga á samböndum.

**Gjaldskrá Mílu fyrir Ethernetþjónustu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína**  
**Ákvörðun nr. 23/2015 – 12. ágúst 2015**

Í byrjun maí árið 2015 kynnti Míla nýja Ethernetþjónustu sem byggir á MPLS-TP búnaði Mílu. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 15/2014 var Mílu heimilt að hefja veitingu þessarar nýju þjónustu og var gefin út bráðabirgðagjaldskrá fyrir þjónustuna. PFS hefur nú samþykkt nýja gjaldskrá Mílu fyrir Ethernetþjónustuna og mun gjaldskráin taka við af þeirri bráðabirgðagjaldskrá sem nú er í gildi en Míla uppfærði þá gjaldskrá 1. febrúar 2015.

**Endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir Hraðbrautarsambönd**

**Ákvörðun nr. 24/2015 – 12. ágúst 2015**

Í endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir Hraðbrautar-sambönd hélt leigugjald fyrir 1 Gb/s óbreytt 95 þús. kr. á mánuði, en leigugjald fyrir 10 Gb/s hækkaði úr 120 þús. kr. í 160 þús. kr. á mánuði. Mánaðarverð Hraðbrautarsam-banda eru föst og óháð vegalengdum en þau hafa verið í boði hjá Mílu á stöðum innan Höfuðborgarsvæðisins og á Suðurnesjum. Stofngjald fyrir Hraðbrautarsamband hélt óbreytt 107 þús. kr. á tengingu.

**Gjaldskrá Mílu fyrir skammtímatengingar á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína**  
**Ákvörðun nr. 25/2015 – 12. ágúst 2015**

Gjaldskrá Mílu ehf. fyrir skammtímatengingar samþykkt.

**Synjun um hækkun á gjaldskrá á bréfum innan einkaréttar**

**Ákvörðun nr. 26/2015 – 28. september 2015**

Með erindi, dags. 24. júlí 2015, óskaði Íslandspóstur eftir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á að gjaldskrá innan einkaréttar hækkaði um 8,4%. Stofnunin hafnaði erindi Íslandspósts, enda ekki forsendur fyrir svo mikilli hækkun. Ákvörðunin var m.a. byggð á þeirri forsendu að með úr-skurði úrskurðarnefndar nr. 4/2014 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Póst- og fjarskiptastofnun gæti einungis samþykkt eða hafnað erindi frá Íslandspósti um hækkun gjaldskrár innan einkaréttar. Með öðrum orðum stofnunin gæti ekki samþykkt erindi fyrirtækisins að hluta jafnvel þó að rök stæðu til þess.

**Samþykki hækkunar á gjaldskrá bréfa innan einkaréttar**

**Ákvörðun nr. 27/2015 – 28. september 2015**

Með erindi, dags. 16. september 2015, óskaði Íslandspóstur eftir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á að gjaldskrá innan einkaréttar hækkaði um 4%. Stofnunin samþykkti erindi Íslandspósts enda höfðu orðið ákveðnar breytingar á þeim forsendum sem gengið var út frá í ákvörðun nr.

2/2015, s.s. aukinn kostnaður fyrirtækisins vegna nýgerðra kjarasamninga.

**Heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (Markaður 7)**

**Ákvörðun nr. 28/2015 – 30. október 2015**

PFS mælti fyrir um að niðurstaða verðsamanburðar sem stofnunin hafði framkvæmt yrði grundvöllur hámarks lúkningarverða Símans, Vodafone, Nova, IMC/Alterná og 365 í farsímanetum fyrirtækjanna á árinu 2016. Hámarks-verðið skuli lækka í 1,40 kr./mín um áramótin 2015/2016. Ákvörðunin var byggð á ákvörðun PFS nr. 20/2015 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7).

**Krafa um úrbætur á frágangi tenginga í húskassa**

**Ákvörðun nr. 29/2015 – 6. nóvember 2015**

Með ákvörðuninni var leyst úr ágreiningu um kröfu Mílu um að Gagnaveita Reykjavíkur (GR) framkvæmdi úrbætur á frágangi strengenda heimtaugar, þar sem hún tengdist innanhússlögn í húskassa, í tilteknum húseignum á höfuð-borgarsvæðinu.

**Ágreiningur Símans og Vodafone um gildissvið fjölmiðlalaga um flutning myndefnis**

**Ákvörðun nr. 30/2015 – 18. desember 2015**

Málið varðaði ágreiningur Símans hf. (Síminn) og Fjarskipta hf. (Vodafone) um Tímavél og Frelsi í sjónvarpi, þar sem Síminn gerði kröfu til PFS um að stofnunin skæri úr um hvort Tímavél og Frelsi í sjónvarpi teljist línuleg eða ólínuleg myndmiðlun í skilningi fjölmiðlalaga. Með ákvörðun-inni vísaði PFS kröfu Símans frá og komst að þeirri niður-stöðu að ágreiningur Símans og Vodafone um Tímavél og Frelsi í sjónvarpi ætti ekki undir valdsvið PFS.

**Óumbeðin fjarskipti Nova ehf.**

**Ákvörðun nr. 31/2015 – 18. desember 2015**

Í ákvörðuninni er það niðurstaða PFS að Nova hefði brotið gegn 46. gr. fjarskiptalaga með skilaboðum til kvartanda.

**Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir Hraðbrautarsambönd á markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (áður markaður 14)**

**Ákvörðun nr. 32/2015 – 22. desember 2015**

Með ákvörðuninni samþykkti PFS nýja heildsölugjaldskrá Mílu fyrir Hraðbrautir á heildsölumarkaði fyrir stofnlínu-hluta leigulína.



**Viðmiðunartilboð Milu fyrir Ethernetþjónustu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína**  
**Ákvörðun nr. 33/2015 – 22. desember 2015**

Með ákvörðuninni samþykkti PFS, að svo stöddu, viðmiðunartilboð Milu frá haustinu 2014 um Ethernetþjónustu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína.

**Heimild Íslandspósts til að fækka dreifingardögum í dreifbýli**

**Ákvörðun nr. 34/2015 – 30. desember 2015**

Með ákvörðuninni heimilar PFS Íslandspósti ohf. að fækka dreifingardögum í dreifbýli í annan hvern virkan dag á grundvelli kostnaðarviðmiða sem sett voru inn í 10 gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 364/2003 með breytinga-reglugerð nr. 868/2015.

**Samþykki hækkunar á gjaldskrá bréfa innan einkaréttar**

**Ákvörðun nr. 35/2015 – 30. desember 2015**

PFS samþykkti beiðni Íslandspósts, dags. 4. desember 2015, um 10% hækkun gjaldskrár fyrir bréf innan einkaréttar (0 – 50 gr.). Grundvöllur fyrir ákvörðuninni voru fyrir-liggjandi gögn frá Íslandspósti um fækkun bréfasendinga og kostnaðarhækkunar.

**Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á mikilvægum tækjarýmum Milu ehf.**

**Ákvörðun nr. 36/2015 – 30. desember 2015**

Póst- og fjarskiptastofnun gerði frumkvæðiskönnun á raunlægu öryggi á hýsingaraðstöðu Milu fyrir talsímaþjónustu og fast Internetsamband. Míla er stærsti netrekandi fjarskiptakerfis hér á landi og er aðstaða og búnaður félagsins nauðsynlegur þáttur í fjarskiptastarfsemi margra fjarskipta-fyrirtækja.

Almennt sýndi úttekt stofnunarinnar að raunlægt öryggi á hýsingaraðstöðu Milu ehf. væri í langflestum tilfellum í samræmi við öryggisráðstafanir félagsins, sbr. 7. gr. reglna nr. 1222/2007, um raunlæga vernd fjarskiptaneta og valin lágmarksviðmið 10. gr. sömu reglna. Nokkrar athugasemdir voru þó gerðar af hálfu stofnunarinnar, en af öryggis-ástæðum var ekki gert opinbert hverjar þær athugasemdir voru.

**Beiðni 365 miðla ehf. um breytingu á 2. gr. tíðniheimildar A á 800 MHz tíðnisviðinu**

**Ákvörðun nr. 37/2015 – 30. desember 2015**

Í ákvörðuninni komst PFS að þeirri niðurstöðu að forsendur væru fyrir því að gerðar yrðu breytingar á 2. gr. tíðniheimildar A á 800 MHz tíðnisviðinu sem 365 miðlar ehf. hlutu í uppboði stofnunarinnar á tíðnisviðinu í árs-byrjun 2013.

## ÚRSKURÐIR ÚRSKURÐARNEFNDAR FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

**Kæra Íslandspósts ohf. á ákvörðun PFS nr. 16/2014**  
**Mál nr. 4/2014 – 21. apríl 2015**

Í ákvörðun sinni nr. 16/2014 samþykkti PFS að veita Íslandspósti (ÍSP) heimild til að hækka gjaldskrá sína innan einkaréttar, en þó ekki með þeim hækkunum sem ÍSP fór fram á heldur setti stofnunin fram ný verð sem voru lægri en þau sem ÍSP bað um heimild fyrir. Með úrskurði sínum felldi úrskurðarnefndin ákvörðun PFS nr. 16/2014 úr gildi og taldi valdheimildir PFS aðeins standa til þess að samþykkja eða hafna gjaldskrá innan einkaréttar og að með hliðsjón af lögætisreglu stjórnslúsúréttar væri PFS ekki heimilt að kveða á um ákveðin verð í ákvörðunarorðum og þannig efnislega ákveða nýja gjaldskrá. Slíkt væri ekki í samræmi við ákvæði 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu.

**Kæra Gagnaveitu Reykjavíkur á ákvörðun PFS nr. 32/2014**

**Mál nr. 5/2014 – lokaúrskurður – 29. júní 2015**

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. (GR) kærði ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 32/2014 þess efnis að GR hafi verið óheimilt að bræða saman strengenda ljósleiðaraheimtaugar við innanhússlögn í húskassa. Upphaf málsins má rekja til kvörtunar Milu ehf. um að slíkur frágangur fæli í sér aðgangshindrun að innanhússlögn sem bryti gegn 7. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhúss-fjarskiptalagnir. Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála krafðist Míla ehf. aðilastöðu í málinu en málið hófst fyrir tilstilli kvörtunar félagsins til PFS. Kærandi (GR) krafðist þess að hinn kærða ákvörðun yrði felld úr gildi og mótmælti aðild Milu að málinu. Úrskurðaði nefndin með sérstökum úrskurði að Míla ætti beinna, verulegra, sérstakra og lögvarðra hagsmuna að gæta við úrlausn úrskurðarnefndar á kæru GR og teldist því aðili máls.

Í lokaúrskurði sínum staðfesti úrskurðarnefnd efnislega niðurstöðu PFS en felldi úr gildi fyrir-mæli stofnunarinnar til GR um að lagfæra á eigin kostnað þær tengingar sem tengdar höfðu verið með bræðisuðu. Að mati nefndarinnar væri um að ræða íþyngjandi úrræði og að tiltaka hefði þurft með skýrum hætti í ákvörðunarorðum, bæði um efni brots og á hvaða lagagrunni viðurlög við brotum byggji.

#### **Kæra Mílu á ákvörðun PFS**

##### **Mál nr. 1/2015 – lokaúrskurður – 3. desember 2015**

Í ákvörðun sinni nr. 34/2014 komst PFS að þeirri niðurstöðu að Míla hafi brotið gegn þeirri jafnræðiskvöð sem hvílir á félaginu með því að veita Snerpu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða leiðbeiningar í tengslum við VDSL væðingu beggja félaganna í Holtahverfi á Ísafirði. Enn fremur að Míla hefði ekki haft eðlilegt samráð við Snerpu um umrædda kerfisuppbyggingu, né tekið hæfilegt tillit til hagsmuna Snerpu sem samkeppnisaðila sem þegar var með þjónustu í rekstri í umræddu hverfi. Míla kærði ákvörðunina til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Undir rekstri málsins fyrir nefndinni krafðist Snerpa þess að fá aðilastöðu í málinu og úrskurðaði nefndin að svo skyldi vera. Með lokaúrskurði sínum staðfesti síðan úrskurðarnefnd ákvörðun PFS um að Míla hafi brotið gegn kvöð um jafnræði og ekki staðið rétt að framkvæmdum við Ljósnetvæðingu á Ísafirði.

#### **Kæra Snerpu á ákvörðun PFS nr. 34/2014**

##### **Mál nr. 2/2015 – lokaúrskurður – 3. desember 2015**

Í ákvörðun sinni nr. 34/2014 komst PFS að þeirri niðurstöðu að beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr götuskáp Mílu við Stórholt á Ísafirði í götuskáp við Lyngholt og þaðan yfir í götuskáp við Kjarrholt teldist ekki sanngjörn og eðlileg aðgangsbaiðni í skilningi 28. gr. fjarskiptalaga. Samkvæmt hinni kærðu ákvörðun skyldi Míla hins vegar veita Snerpu fullnægjandi sýndaraðgang (VULA). Snerpa kærði ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Undir rekstri málsins fyrir nefndinni krafðist Míla þess að fá aðilastöðu í málinu og úrskurðaði nefndin að svo skyldi vera.

Í lokaúrskurði sínum taldi nefndin höfnun PFS á umræddri aðgangsbaiðni Snerpu vera byggða á hlutlægum viðmiðum og væri því í samræmi við 34. gr. fjarskiptalaga.

#### **Kæra Fjarskipta hf. (Vodafone) á ákvörðun PFS nr. 1/2015**

##### **Mál nr. 4/2015 – 16. október 2015**

Með ákvörðun sinni nr. 1/2015 komst PFS að þeirri niðurstöðu að Vodafone hafi brotið gegn ákvæði 39. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, þegar það lokaði símanúmeri rétt-hafa án þess að uppfylla skilyrði ákvæðisins um greiðslu-áskorun og tilkynningar til áskrifanda. Fjarskipti hf. kærðu ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem staðfesti að um brot á 39. gr. fjarskiptalaga hefði verið að ræða með þeim rökstuðningi að skilyrði ákvæðisins um að fyrsta mánuð eftir lokun skuli vera mögulegt að hringja í áskrifanda hefði ekki verið uppfyllt. Nefndin féllst hins vegar ekki á að í tilvikum sem þessum væri rétt að beina greiðsluáskorunum og tilkynningum til rétthafa heldur væri nægjanlegt að beina þeim til greiðanda, jafnvel þó hann greiddi fyrir notkun farsímanúmers einungis að hluta.

#### **Kæra Mílu á ákvörðun PFS nr. 21/2015**

##### **Mál nr. 8/2015 – úrskurður um formhlið máls – frestun réttaráhrifa – 3. nóvember 2015**

Með ákvörðun PFS nr. 21/2015 var Míla útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölu-markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (fyrrum markaður 14). Míla kærði málið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og krafðist þess einnig að réttaráhrifum ákvörðunar PFS yrði frestað meðan málið væri til meðferðar hjá nefndinni. Úrskurðarnefnd hafnaði kröfu Mílu um að réttaráhrifum ákvörðunar PFS yrði frestað. Nefndin var ekki búin að úrskurða í málinu um áramót 2015/2016

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2015

<b>Tekjur</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Markaðar tekjur.....	392.092.183	384.662.664
Rekstrartekjur .....	<u>32.106.497</u>	<u>28.752.259</u>
	<u>424.198.680</u>	<u>413.414.923</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	261.374.216	231.403.318
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	19.990.196	20.893.699
Funda- og ferðakostnaður .....	14.650.702	12.359.651
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	13.804.764	17.202.913
Rekstur tækja og áhalda .....	775.457	2.053.473
Annar rekstrarkostnaður .....	5.120.926	4.672.910
Húsnæðiskostnaður .....	20.745.285	22.605.732
Félagsgjöld til alþjóðastofnana .....	30.755.505	32.151.125
Bifreiðakostnaður .....	1.292.391	644.731
Tilfærslur .....	0	90.000
	<u>368.509.442</u>	<u>344.077.552</u>
Eignakaup.....	<u>14.097.886</u>	<u>27.225.100</u>
	<u>382.607.328</u>	<u>371.302.652</u>
<b>Tekjuafgangur fyrir hrein fjármagnsgjöld</b>	41.591.352	42.112.271
Hreinar fjármunatekjur.....	<u>2.572.629</u>	<u>1.980.099</u>
<b>Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag</b>	44.163.981	44.092.370
Ríkisframlag .....	<u>5.000.000</u>	<u>5.000.000</u>
<b>Tekjuafgangur ársins</b>	<u><u>49.163.981</u></u>	<u><u>49.092.370</u></u>



# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015\*

Eignir	2015	2014
<b>Veltufjármunir</b>		
Ríkissjóður.....	137.301.970	84.351.999
Viðskiptakröfur.....	9.313.884	15.503.741
Handbært fé.....	32.405.057	30.964.272
	<u>179.020.911</u>	<u>130.820.012</u>
<b>Eignir alls</b>	<u>179.020.911</u>	<u>130.820.012</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	( 16.807.180)	( 27.499.550)
Millifært á bundið eigið fé .....	( 43.700.000)	( 38.400.000)
Tekjuafgangur ársins .....	49.163.981	49.092.370
<b>Höfuðstóll</b>	<u>( 11.343.199)</u>	<u>( 16.807.180)</u>
Annað eigið fé:		
Bundið eigið fé .....	180.000.000	136.300.000
<b>Eigið fé</b>	<u>168.656.801</u>	<u>119.492.820</u>
<b>Skuldir</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir.....	10.364.110	11.327.192
<b>Skuldir</b>	<u>10.364.110</u>	<u>11.327.192</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<u>179.020.911</u>	<u>130.820.012</u>

\*Athygli er vakin á því að PFS notar nú sömu uppgjörsaðferð og Fjársýsla ríkisins.



Rakrá bréfastjassi / letter rack

Stærð	Þyngd	Stærð	Þyngd
100x150	1,5 kg	150x200	2,5 kg
150x200	2,5 kg	200x250	3,5 kg
200x250	3,5 kg	250x300	4,5 kg
250x300	4,5 kg	300x350	5,5 kg

www.rakra.is

Rakrá

# SKRÁÐ FJARSKIPTAFYRIRTÆKI Í LOK ÁRS 2015


Nafn	Skráð dags	Starfsemi
1808 ehf.	28.4.2015	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
365 miðlar ehf.	17.1.2013	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Advania ehf.	17.4.2002	Gagnaflutningsþjónusta
Alterna Tel ehf.	8.1.2010	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Alþingi	23.3.2015	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Ábótinn ehf.	28.3.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Árvakur hf.	26.1.2015	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Ásaljós	18.8.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Backbone ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Bloomberg Finance L.P.	19.7.2007	Leigulínuþjónusta og almennt fjarskiptanet
Boðleið Þjónusta ehf.	1.12.2015	Talsímaþjónusta, farsímaþjónusta og rekstur fastlínu fjarskiptanets
Brimrún ehf.	3.4.2008	Gagnaflutningsþjónusta um gervitungl
BT Solutions Limited, útibú á Íslandi	28.7.2014	Gagnaflutningsþjónusta
Caze ehf.	9.12.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Colt Technology Services AB	29.9.2015	Gagnaflutningsþjónusta
DataBox ehf.	13.12.2010	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Datacell ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Davíð og Goliát ehf.	3.5.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DCG Iceland ehf.	24.3.2014	Gagnaflutningsþjónusta
DCN Hub ehf.	10.12.2012	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DVD-Margmiðlun ehf.	6.2.2004	Rekstur breiðbandskerfis fyrir útvarpsdreifingu
Einar Ben Þorsteinsson	26.8.2013	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Emerald Networks ehf.	29.6.2011	Sæstrengur og gagnaflutningsþjónusta
Equant á Íslandi ehf.	7.7.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Eyja- og Miklaholtshreppur	29.9.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Factor ehf.	30.5.2013	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Farice ehf.	2.9.2003	Sæstrengur
Feris ehf.	6.1.2014	Gagnaflutningsþjónusta
Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf.	8.3.2013	Gagnaflutningsnet
Fjarskipti hf.	27.3.2007	Talsímaþjónusta, farsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fjölnet ehf.	26.10.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fónn ehf.	26.5.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Gagnaveita Helgafellssveitar ehf.	18.8.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Gagnaveita Hornafjarðar ehf.	13.2.2013	Fjarskiptanet
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	23.3.2007	Gagnaflutningsnet og -þjónusta

Gagnaveita Suðurlands ehf.	9.12.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Gagnaveitan ehf.	8.6.2011	Fjarskiptaþjónusta
Global Mission Network ehf.	16.12.2014	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
GlobalCall ehf.	4.9.2008	Talsímaþjónusta
Gullskógar ehf.	5.2.2010	Talsímaþjónusta
Halló ehf.	23.5.2014	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Hátiðni hf.	24.1.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hitaveita Tálknafjarðarhrepps	24.6.2015	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet
Hringdu ehf.	9.11.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Hringiðan ehf./Vortex Inc.	3.12.1998	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hvalfjarðarsveit	31.3.2014	Fjarskiptanet
Icelandair ehf.	14.2.2014	Fjarskiptanet
iCell ehf.	25.8.2010	GSM, talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta o.fl.
IMC Ísland ehf.	27.6.2000	DCS 1800 farsímaþjónusta
Internet á Íslandi hf.	3.2.1998	Fjarskiptanet, talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
IP-fjarskipti ehf. (TAL)	15.9.2004	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
IRJA ehf.	3.5.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Isavia ohf.	30.12.2010	Talþjónusta við flugvélar og rekstur fastlínu fjarskiptakerfis
Já upplýsingaveitur hf.	21.11.2007	Útgáfa síma- og vistfangaskrár. Símaupplýsingaþjónusta
Kukl ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Kviaholt ehf.	20.2.2012	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Landhelgisgæsla Íslands	1.1.2011	Rekstur og útleiga NATO ljósleiðarastrengs
Level 3 Communications Iceland ehf.	1.12.2015	Rekstur fjarskiptanets og gagnaflutningsþjónustu
Lindin, kristilegt útvarp	26.1.2015	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
LÍF í Mýrdal ehf.	15.9.2014	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Ljós og gagnaleiðari ehf.	10.8.2009	Gagnaflutningsnet
Loki Telecom ehf.	4.5.2015	Rekstur fastlínu og þráðlauss fjarskiptanets, gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus net og fastanet og hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Magnavík ehf.	1.4.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Martölvan ehf.	26.11.2007	Talsíma, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Mila ehf.	4.4.2007	Fjarskiptanet
Nepal hugbúnaður ehf.	21.2.2005	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
Netvarpið ehf.	12.8.2013	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Netveldi ehf.	1.12.2015	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Nextgen Mobile Ltd.	11.11.2013	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Neyðarlínan ohf.	6.10.1999	Talsímaþjónusta/neyðarsímsvörin
Northern Clothing ehf.	17.3.2015	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing og upplýsingaþjónusta um símanúmer
Nova ehf.	12.7.2006	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Nýherji hf.	12.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta

Nýr valkostur ehf.	20.6.2014	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
OnAir S.A.R.L.	29.4.2008	Farsímaþjónusta um borð í flugvélum (MCA)
Opex ehf.	12.9.2013	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Opin kerfi hf.	25.2.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Orkufjarskipti hf.	26.10.2001	Fjarskiptanet
Packet ehf.	11.2.2011	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Pálmi Sigmarsson	10.10.2014	Rekstur þráðlauss fjarskiptanets og gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus net
Radíó ehf. - Íslensk fjarskipti	22.8.2006	Fjarskiptaþjónusta
Radíóvík ehf.	14.5.2004	Rekstur kapalkerfis
Rafey ehf.	18.8.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Ríkisútvarpið ehf.	29.7.1997	Fjarskiptaþjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
Símafélagið ehf.	15.10.2008	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Símaþjónustan ehf.	28.6.2013	Talsímaþjónusta
Síminn hf.	30.7.1998	Talsímaþjónusta, GSM, gagnaflutningsnet o.fl.
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.	8.10.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Skjárinn ehf.	16.12.2014	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Snerpa ehf.	17.8.2000	Fjarskiptanet/ tal- og gagnaflutningsþjónusta
Softverk ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
SportTV ehf.	12.8.2013	Sjónvarp, hljóðvarp og fjarskiptaþjónusta
Streaming Media ehf.	10.10.2014	Rekstur þráðlauss fjarskiptanets, gagnaflutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net og hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Stykkishólmsbær	2.5.2002	Gagnaflutningsnet
TELE Greenland A/S	24.6.2008	Sæstrengur
Tengir hf.	20.9.2002	Ljósleiðaranet
Thor Telecom Ísland ehf.	15.10.2014	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net og hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Tismi BV	5.3.2015	Tal- og farsímaþjónusta
TSC ehf.	18.1.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Tölvu- og rafeindapjónusta Suðurlands ehf.	29.3.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvun ehf.	25.4.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Tölvustöð ehf.	15.4.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvuteymi ehf.	5.3.2015	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
UAB Raystorm	14.2.2014	Farsímaþjónusta
Upplýsingatæknifélagið Omnis ehf.	28.1.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Viking Travel slf.	5.3.2015	Rekstur þráðlauss fjarskiptanets, gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus net og talsíma- og farsímaþjónusta
Þekking - Tristan hf.	16.1.2004	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Þorvaldur Stefánsson	14.10.2014	Flutningur skipaþjónustugagna
Öryggisfjarskipti ehf.	6.10.2008	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA







PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN